Losun frá stöðvum í andrúmsloft skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Rekstraraðili skal tryggja vöktun losunar í vatn og í andrúmsloft eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

8. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Sérákvæði fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis**, með einni grein, 6. gr. a laganna, sem verður 33. gr. og fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.*

9. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Grænt bókhald**, með einni grein, 6. gr. b laganna, sem verður 34. gr. og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Grænt bókhald.

Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, eins og nánar greinir í reglugerð, sbr. 5. gr.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Ekki er þó skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur vera framleiðsluleyndarmál, enda séu slík atriði tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.

Senda skal útgefanda starfsleyfis árlega skýrslu um grænt bókhald. Útgefandi starfsleyfis skal kanna hvort skýrsla um grænt bókhald fullnægi þeim formkröfum sem gerðar eru til skýrslna um grænt bókhald. Sé heilbrigðisnefnd útgefandi starfsleyfis skal hún því næst senda skýrsluna áfram til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast birtingu skýrslna um grænt bókhald og gerð leiðbeininga um grænt bókhald. Birting skýrslu um grænt bókhald felur ekki í sér viðurkenningu Umhverfisstofnunar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

10. gr.

Á eftir 6. gr. b laganna kemur nýr kafli, VIII. kafli, **Umhverfismerki**, með einni grein, 6. gr. c laganna, sem verður 35. gr. og fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Umhverfismerki*.

11. gr.

Á eftir 6. gr. c laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Loftgæði**, með einni grein, 6. gr. d laganna, sem verður 36. gr. og breytist svo:

a. Í stað orðanna „sem háður er starfsleyfi skv. 5. gr. a og“ í 1. mgr. kemur: sbr. viðauka I–IV, sem.
b. Í stað orðanna „sem háður er starfsleyfi skv. 5. gr. a“ í 2. mgr. kemur: sbr. viðauka I–IV.
c. Í stað tilvísananna „18. gr.“ og „13. gr.“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 51. gr.; og: 47. gr.
d. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Loftgæði*.

12. gr.

Á eftir 6. gr. d laganna kemur nýr kafli, X. kafli, **Losun gróðurhúsalofttegunda**, með einni grein, 6. gr. e laganna, sem verður 37. gr. og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Losun gróðurhúsalofttegunda.

Þegar um er að ræða losun gróðurhúsalofttegundar frá starfsemi sem tilgreind er í lögum um loftslagsmál skal starfsleyfi fyrir viðkomandi starfsemi ekki fela í sér viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar beina losun á þeirri lofttegund, nema það sé nauðsynlegt til að tryggja að engin veruleg staðbundin mengun eigi sér stað.

Við starfsemi sem tilgreind er í lögum um loftslagsmál er það undir Umhverfisstofnun komið hvort hún gerir kröfur um orkunýtni brennslueininga eða annarra eininga sem losa koldíoxíð á staðnum.

Ef nauðsyn krefur skal Umhverfisstofnun gera breytingar á starfsleyfi eftir því sem við á, sbr. 1. og 2. mgr. sem og 14. gr.

Framangreindar málsgreinar eiga ekki við um starfsemi sem tímabundið fellur ekki undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sbr. lög um loftslagsmál.

13. gr.

Á eftir 6. gr. e laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Skyldur rekstraraðila**, með þremur nýjum greinum, 38.–40. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (38. gr.)

Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila.

Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–II, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a. að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun,
b. að notuð sé besta aðgengilega tækni,
c. að starfsemin leiði ekki til umtalsverðrar mengunar,
d. að komið sé í veg fyrir myndun úrgangs í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs,
e. að úrgangur sem verður til sé útbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn, endurheimtur eða, þar sem það er tæknilega eða fjárhagslega ómögulegt, honum fargað um leið og forðast er eða dregið úr öllum áhrifum á umhverfið,
f. að orka sé vel nýtt,
g. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys eða takmarka afleiðingar þeirra slysa sem geta orðið,
h. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr.

b. (39. gr.)

Óhöpp og slys.

Við óhöpp eða slys sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið skal hlutaðeigandi rekstraraðili, sbr. viðauka I–IV, í samræmi við ákvæði laga um umhverfisábyrgð:

a. upplýsa Umhverfisstofnun tafarlaust um óhappið eða slysið, og
b. grípa tafarlaust til ráðstafana til að takmarka afleiðingarnar fyrir umhverfið og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys.

Umhverfisstofnun skal krefjast þess að rekstraraðilinn grípi til viðeigandi viðbótarráðstafana sem stofnunin telur nauðsynlegar til að takmarka afleiðingar fyrir umhverfið og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys.

c. (40. gr.)

Skyldur rekstraraðila.

Rekstraraðilar, sbr. viðauka I–V, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr.

Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

14. gr.

7. gr. laganna, sem verður 41. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþága ráðherra*.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna, sem verður 41. gr. a:

a. Í stað „6. gr. b“ kemur: 34. gr.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþága ráðherra varðandi grænt bókhald*.

16. gr.

8. gr. laganna, sem verður 42. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Álit heilbrigðisnefnda*.

17. gr.

9. gr. laganna, sem verður 43. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Stjórn mála*.

18. gr.

10. gr. laganna, sem verður 44. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heilbrigðiseftirlit*.

19. gr.

11. gr. laganna, sem verður 45. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Eftirlitssvæði*.

20. gr.

12. gr. laganna, sem verður 46. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Fjárhagsáætlanir og gjaldskrár*.

21. gr.

13. gr. laganna, sem verður 47. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Hlutverk heilbrigðisnefnda*.

22. gr.

14. gr. laganna, sem verður 48. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Verkaskipting*.

23. gr.

15. gr. laganna, sem verður 49. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heilbrigðisfulltrúar*.

24. gr.

16. og 17. gr. laganna verða ein grein, 50. gr., sem fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Þagnarskylda og upplýsingar*.

25. gr.

II. kafli laganna verður XII. kafli.

26. gr.

18. gr. laganna, sem verður 51. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Eftirlit*.

27. gr.

19. og 20. gr. laganna verða ein grein, 52. gr., sem fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Samræming heilbrigðiseftirlits*.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna, sem verður 53. gr.:

a. Í stað „sbr. 18. gr.“ í 1. málsl. kemur: sbr. 51. gr.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gjaldskrá Umhverfisstofnunar*.

29. gr.

III. kafli laganna verður XIII. kafli.

30. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, XIV. kafli, **Eftirlit með atvinnurekstri,** með tveimur nýjum greinum, 54. og 55. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (54. gr.)

Eftirlit.

Eftirlit skal vera með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta.

Rekstraraðili skal aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur til að gera eftirlitsaðilanum kleift að framkvæma hvers kyns eftirlit með starfseminni, taka sýni og afla allra upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar við framkvæmd eftirlitsins.

Umhverfisstofnun skal gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–V, og skal áætlunin endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á.

Á grundvelli eftirlitsáætlana gerir eftirlitsaðili reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri samkvæmt viðaukum I–V, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal, fyrir starfsemi samkvæmt viðaukum I og II, ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

b. (55. gr.)

Frávik.

Eftirlitsaðili skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir viðkomandi starfsemi.

Ef frávik verða skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur.

31. gr.

22. gr. laganna, sem verður 56. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Faggilding.*

32. gr.

23. gr. laganna, sem verður 57. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Innra eftirlit*.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna, sem verður 58. gr.:

a. Í stað orðanna „VI. kafla“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: XVII. kafla.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Framsal eftirlits.*

34. gr.

IV. kafli laganna verður XV. kafli og breytast númer kafla samkvæmt því.

35. gr.

25. gr. laganna, sem verður 59. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Samþykktir*.

36. gr.

26. gr. laganna, sem verður 60. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Þvingunarúrræði*.

37. gr.

27. gr. laganna, sem verður 61. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Dagsektir og verk á kostnað aðila*.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna, sem verður 62. gr.:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga er heimilt að beita úrræðum þessa kafla þegar um er að ræða færanlega starfsemi sem er stunduð á svæði nefndarinnar og er með starfsleyfi gefið út á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimildir eftirlitsaðila*.

39. gr.

29. gr. laganna, sem verður 63. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Stöðvun til bráðabirgða*.

40. gr.

30. gr. laganna, sem verður 64. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Málsmeðferð*.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna, sem verður 65. gr.

a. Í stað „32. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 66. gr.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Kærur*.

42. gr.

32. gr. laganna, sem verður 66. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Kæruheimild til ráðherra*.

43. gr.

33. gr. laganna, sem verður 67. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Sektir eða fangelsi*.

44. gr.

34. gr. laganna, sem verður 68. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Sektir lögaðila*.

45. gr.

Í stað fylgiskjala I–III með lögunum koma fimm nýir viðaukar, viðaukar I–V, svohljóðandi:

VIÐAUKI I.

Starfsemi A.

Viðmiðunargildin, sem eru tilgreind hér á eftir, vísa almennt til framleiðslugetu eða afkasta. Ef margar tegundir starfsemi, sem fellur undir sömu starfsemislýsingu sem inniheldur viðmiðunargildi, eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þessara tegunda starfsemi lögð saman. Fyrir starfsemi við meðhöndlun úrgangs skal þessi útreikningur gilda fyrir starfsemi í lið 5.1 og a- og b-lið liðar 5.3.

1. Orkuiðnaður.

1.1 Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafl 50 MW eða meira.

1.2 Hreinsun á jarðolíu og gasi.

1.3 Koksframleiðsla.

1.4 Gösun eða þétting á:

a) kolum,

b) öðru eldsneyti í stöðvum með heildarnafnvarmaafl 20 MW eða meira.

2. Framleiðsla og vinnsla málma.

2.1 Brennsla eða glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis).

2.2 Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.

2.3 Vinnsla járnríkra málma:

a) starfræksla heitvölsunarvéla með vinnslugetu yfir 20 tonnum af hrástáli á klukkustund,

b) starfræksla smiðja með hamra þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl og þar sem notuð varmaorka er yfir 20 MW,

c) með því að nota hlífðarlag úr bræddum málmi þar sem ílagið er meira en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.

2.4 Starfræksla málmsteypa fyrir járnríka málma með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

2.5 Vinnsla járnlausra málma:

a) framleiðsla járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða afleiddu hráefni með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,

b) bræðsla, þ.m.t. sambræðsla járnlausra málma, þ.m.t. endurnýttra vara, og starfræksla málmsteypa fyrir járnlausa málma með bræðslugetu yfir 4 tonnum af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonnum af öllum öðrum tegundum málma á dag.

2.6 Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum þar sem rúmmál meðhöndlunartanka er meira en 30 m^3.

3. Jarðefnaiðnaður.

3.1 Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði:

a) framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag,

b) framleiðsla á kalki í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag,
c) framleiðsla á magnesíumoxíði í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag.

3.2 Framleiðsla á asbesti eða framleiðsla vara sem eru að stofni til úr asbesti.

3.3 Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.

3.4 Bræðsla jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinefnatrefja með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

3.5 Framleiðsla leirvara með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns með framleiðslugetu yfir 75 tonnum á dag og/eða rúmtak ofns yfir 4 m^3 og setþéttleika hvers ofns yfir 300 kg/m^3.

4. Efnaiðnaður.

Að því er varðar þennan þátt merkir framleiðsla, í skilningi starfsemisflokkanna í þessum þætti, framleiðslu á iðnaðarmælikvarða með efnafræðilegri eða líffræðilegri vinnslu efna eða efnahópa sem eru taldir upp í þessum þætti.

4.1 Framleiðsla lífrænna efna, svo sem:
a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),
b) vetniskolefni sem innihalda súrefni, svo sem alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, estrar og blöndur af estrum, asetötum, eterum, peroxíðum og epoxýresínum,
c) vetniskolefni sem innihalda brennistein,
d) vetniskolefni sem innihalda köfnunarefni, svo sem amín, amíð, nitursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt og ísósýanöt,
e) vetniskolefni sem innihalda fosfór,
f) vetniskolefni sem innihalda halógen,
g) lífræn málmsambönd,
h) plastefni (fjölliður, gervitrefjar og trefjar að stofni úr beðmi),
i) gervigúmmí,
j) leysilitir og fastlitarefni,
k) yfirborðsvirk efni.

4.2 Framleiðsla ólífrænna efna, svo sem:
a) lofttegundir, svo sem ammoníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
b) sýrur, svo sem krómsýra, flússýra, fosfórsýra, saltpéturssýra, saltsýra, brennisteinssýra, rjúkandi brennisteinssýra, brennisteinssýrlingur,
c) basi, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
e) málmleysingjar, málmoxíð eða önnur ólífræn efnasambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísill, kísilkarbíð.

4.3 Framleiðsla á áburði sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (eingildum eða fjölgildum áburði).

4.4 Framleiðsla á plöntuvarnarvörum eða sæfivörum.

4.5 Framleiðsla á lyfjum, þ.m.t. milliefnum.

4.6 Framleiðsla á sprengiefnum.

5. Meðhöndlun úrgangs.

5.1 Förgun eða endurnýting á hættulegum úrgangi með afköstum yfir 10 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi:
a) líffræðilega meðhöndlun,
b) eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
c) blöndun áður en einhver tegund starfsemi, sem tilgreind er í liðum 5.1 og 5.2, tekur við,
d) endurpökkun áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2, fer fram,
e) endurheimt eða endurmyndun leysa,
f) endurvinnsla/endurheimt ólífrænna efna annarra en málma eða málmsambanda,
g) endurmyndun sýru eða basa,
h) endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun,
i) endurnýting efnisþátta úr hvötum,
j) endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu,
k) losun í yfirborðsvatn.

5.2 Förgun eða endurnýting á úrgangi í sorpbrennslustöðvum eða í sorpsambrennslustöðvum:
a) fyrir hættulausan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 3 tonnum á klukkustund,
b) fyrir hættulegan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 10 tonnum á dag.

5.3 a) Förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 50 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:
i. líffræðilega meðhöndlun,
ii. eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
iii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
iv. meðferð á gjalli og ösku,
v. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

b) Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:
i. líffræðilega meðhöndlun,
ii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
iii. meðferð á gjalli og ösku,
iv. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

Ef starfsemi skv. 1. mgr. felur einungis í sér meðhöndlun úrgangs þar sem fram fer loftfirrð rotnun skulu viðmiðunargildin fyrir starfsemina vera 100 tonn á dag.

5.4 Urðun, eins og hún er skilgreind í lögum um meðhöndlun úrgangs, sem tekur á móti meira en 10 tonnum af úrgangi á dag eða með heildarafkastagetu yfir 25.000 tonnum, að undanskilinni urðun á óvirkum úrgangi.

5.5 Bráðabirgðageymsla hættulegs úrgangs, sem ekki fellur undir lið 5.4, sem bíður einhverra þeirra tegunda af starfsemi sem taldar eru upp í liðum 5.1, 5.2, 5.4 og 5.6, þar sem heildarrúmtak er yfir 50 tonnum, að undanskilinni tímabundinni geymslu meðan söfnunar er beðið á þeim stað þar sem úrgangurinn verður til.

5.6 Neðanjarðargeymsla á hættulegum úrgangi með heildarrúmtak yfir 50 tonnum.

6. Önnur starfsemi.

6.1 Framleiðsla í iðjuverum á:
a) deigi úr viði eða öðrum trefjaefnum,
b) pappír eða pappa í verum með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag,
c) einni eða fleiri gerðum platna sem eru að stofni til úr viði: aspenítplötum, spónaplötum eða trefjaplötum í verum með framleiðslugetu yfir 600 m^3 á dag.

6.2 Formeðferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun textíltrefja eða textílefna þar sem vinnslugetan er yfir 10 tonnum á dag.

6.3 Sútun á húðum og skinnum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag.

6.4 a) Sláturhús í rekstri með framleiðslugetu yfir 50 tonnum af skrokkum á dag.
b) Meðferð og vinnsla, önnur en eingöngu pökkun, á eftirfarandi hráefnum, hvort sem er áður unnum eða óunnum, sem ætluð eru fyrir matvæla- eða fóðurframleiðslu úr:
i. hráefnum af dýrum eingöngu (öðrum en eingöngu mjólk) þar sem framleiðslugeta er yfir 75 tonnum af fullunninni vöru á dag,
ii. jurtahráefni eingöngu þar sem framleiðslugeta er yfir 300 tonnum á dag eða 600 tonnum á dag þar sem stöðin er ekki starfrækt lengur en í 90 daga í röð á neinu ári,
iii. hráefnum úr dýrum og jurtum, bæði í samsettum og aðskildum afurðum, þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru í tonnum er meiri á dag en:
– 75 ef A er jafnt og 10 eða meira eða,
– [300 – (22,5 × A)] í öllum öðrum tilvikum,
þar sem „A“ er hluti efnis úr dýrum (sem hundraðshluti af þyngd) af framleiðslugetu á fullunninni vöru.
Umbúðir skulu ekki taldar með í endanlegri þyngd vörunnar.
Þessi stafliður skal ekki gilda þar sem hráefnið er eingöngu mjólk.
c) Meðferð og vinnsla mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).

6.5 Förgun eða endurvinnsla dýraskrokka eða dýraúrgangs þar sem afkastageta er yfir 10 tonnum á dag.

6.6 Eldi alifugla eða svína:
a) með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla,
b) með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða
c) með fleiri en 750 stæði fyrir gyltur.

6.7 Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, einkum fyrir pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþéttingu, þyngingu, málun, hreinsun eða gegndreypingu, þar sem notuð eru meira en 150 kg af lífrænum leysum á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.

6.8 Framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafíts (e. electrographite) með brennslu eða umbreytingu í grafít.

6.9 Föngun CO_2-strauma frá stöðvum sem falla undir lög þessi til geymslu í jörðu samkvæmt lögum um loftslagsmál.

6.10 Timbur og timburafurðir eru varin með efnum, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m^3 á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain).

6.11 Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem er losað af stöð sem fellur undir þennan viðauka.

VIÐAUKI II.
Starfsemi B.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.
3. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
4. Olíubirgðastöðvar.
5. Framleiðsla títandíoxíðs.
6. Glerullar- og steinullarframleiðsla, önnur en í viðauka I.
7. Sútunarverksmiðjur, aðrar en í viðauka I.
8. Meðferð úrgangs – förgunarstaðir úrgangs:
   a) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári,
   b) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 500–5.000 tonnum af úrgangi á ári,
   c) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 50–499 tonnum af úrgangi á ári eða urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári eða meira,
   d) urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári.
9. Meðhöndlun og förgun spilliefna:
   a) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári,
   b) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári eða meira,
   c) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum minna en 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári,
   d) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar.
10. Framleiðsla á pappír eða pappa í iðjuverum með framleiðslugetu, önnur en í viðauka I.
11. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.

VIÐAUKI III.
Starfsemi C.

1. Í hverjum eftirfarandi liða er innifalin í starfseminni hreinsun á búnaði en ekki hreinsun á vörum nema það sé sérstaklega tekið fram.
2. Límburður.
   Öll starfsemi þar sem lím er borið á yfirborð, að undanskildum límburði og plasthúðun í tengslum við prentstarfsemi.
3. Húðunarstarfsemi.
   Öll starfsemi þar sem sett er eitt eða fleiri samfelld lög af yfirborðsmeðferðarefni á:
   a) eitthvert eftirfarandi farartækja:

i. nýjar bifreiðar skilgreindar sem ökutæki í flokki M1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki og í flokki N1 þegar þær eru húðaðar í sömu stöð og M1 ökutæki,
ii. hús á vörubifreiðum, skilgreind sem rými ökumanns, og öll sambyggð rými fyrir tæknibúnað á ökutækjum í flokkum N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB,
iii. sendibifreiðar og vörubifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB, en hús á vörubifreiðum eru þar ekki meðtalin,
iv. almenningsvagna sem eru skilgreindir sem ökutæki í flokkum M2 og M3 í tilskipun 2007/46/EB,
v. eftirvagna sem eru skilgreindir í flokka O1, O2, O3 og O4 í tilskipun 2007/46/EB,

b) málm- og plastyfirborð, þ.m.t. yfirborð á flugvélum, skipum, lestum o.s.frv.,
c) viðaryfirborð,
d) textíl-, vefnaðar-, filmu- og pappírsyfirborð,
e) leður.

Húðunarstarfsemi nær ekki yfir yfirborðsmeðferð þar sem flötur er málmhúðaður með rafdrætti eða hann er húðaður með efnasprautun. Ef húðunarstarfsemin felur í sér þrep þar sem prentað er á sama hlutinn, sama hvaða tækni er notuð, telst prentunarþrepið hluti af húðunarstarfseminni. Hins vegar er prentstarfsemi sem er rekin sem aðskilin starfsemi ekki meðtalin en getur fallið undir lög þessi ef prentstarfsemin fellur undir gildissvið þeirra.

4. Rúlluhúðun.
Hvers kyns starfsemi þar sem stálþynnur, ryðfrítt stál, húðað stál, koparblendi eða álræmur eru húðaðar með himnumyndandi efni eða plasthúðaðar í samfelldu vinnsluferli.

5. Þurrhreinsun.
Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi þar sem rokgjörn, lífræn efnasambönd eru notuð í stöð til að hreinsa fatnað, áklæði og álíka neytendavörur, að undanskilinni handhreinsun bletta í textíl- og fataiðnaði.

6. Framleiðsla á skófatnaði.
Hvers kyns starfsemi sem felst í framleiðslu á fullgerðum skófatnaði eða hlutum hans.

7. Framleiðsla á yfirborðsefnablöndum, lökkum, farva og límum.
Framleiðsla á ofangreindum fullgerðum vörum og millistigsvörum þegar hún fer fram á sama stað, með blöndun á fastlitarefnum, resíni og límefnum við lífræna leysa eða önnur burðarefni, þ.m.t. framleiðsla á þeytum og forþeyttum blöndum, stillingu á seigju og litblæ og áfyllingu fullgerðrar vöru í ílát.

8. Framleiðsla á lyfjum.
Efnasmíði, gerjun, útdráttur, lögun og yfirborðsmeðhöndlun lyfja og, þegar hún fer fram á sama stað, framleiðsla millistigsvara.

9. Prentun.
Hvers kyns eftirtaka texta og/eða mynda þar sem farvi er yfirfærður á hvers kyns yfirborðsgerðir með notkun myndbera. Meðtalin er tengd tækni við lökkun, húðun og plasthúðun. Hins vegar falla einungis eftirfarandi undirferlar undir lög þessi:
a) flexóprentun – prentun þar sem myndberinn er úr gúmmíi eða fjaðrandi ljósfjölliðum og þar sem prentflöturinn er upphækkaður og notaðir eru fljótandi prentlitir sem þorna við uppgufun,

b) heitþornandi offsetprentun af streng – prentun af streng þar sem notaður er myndberi þar sem bæði prentflötur og óprentaðir fletir eru í sömu hæð, þar sem prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir. Óprentaða svæðið er meðhöndlað til að draga að vatn og hrindir því farva frá sér. Prentflöturinn er meðhöndlaður til að taka við og flytja farva til yfirborðsins sem prenta skal. Uppgufun á sér stað í ofni þar sem heitt loft er notað til að hita prentverkið,
c) plasthúðun sem tengist prentun – samlíming tveggja eða fleiri sveigjanlegra efna til að gera lagskipta afurð,
d) djúpprentun á gæðapappír – djúpprentun á pappír fyrir tímarit, bæklinga, verðlista eða annað áþekkt, þar sem notaður er farvi sem inniheldur tólúen,
e) djúpprentun – prentun þar sem myndberinn er sívalur, prentflöturinn er neðar en óprentaðir fletir og notaður er fljótandi farvi sem þornar við uppgufun. Hólfin eru fyllt með farva og umframfarvi er þurrkaður af óprentuðu flötunum áður en sá flötur, sem prenta skal á, snertir valsann og lyftir farvanum upp úr hólfunum,
f) valsasáldprentun – prentun af streng þar sem farvinn er færður á þann flöt sem prenta skal á með því að þrýsta honum í gegnum gropinn myndbera, þar sem prentflöturinn er opinn og aðrir fletir eru lokaðir, og notaður er fljótandi farvi sem þornar eingöngu við uppgufun. Prentun af streng merkir að efnið sem prenta skal á er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir,
g) lökkun – starfsemi þar sem lakk eða límlag er borið á þjált efni, ætlað í umbúðir, í því skyni að loka síðar umbúðunum.

10. Vinnsla gúmmís.
Hvers kyns starfsemi sem felst í blöndun, mölun, pressun í sléttipressu, útpressun og súlfun á náttúru- eða gervigúmmíi og hvers kyns aðrar aðgerðir sem eru notaðar til að breyta náttúru- eða gervigúmmíi í fullunna vöru.
11. Hreinsun yfirborðs.
Hvers kyns starfsemi, nema þurrhreinsun, þar sem lífrænir leysar eru notaðir til þess að fjarlægja óhreinindi af yfirborði efna, þar á meðal fituhreinsun. Starfsemi við hreinsun sem samanstendur af fleiri en einu þrepi fyrir eða eftir einhverja aðra starfsemi skal líta á sem eina starfsemi við yfirborðshreinsun. Þessi starfsemi vísar ekki til hreinsunar á búnaði heldur til hreinsunar á yfirborði vara.
12. Starfsemi við útdrátt jurtaolíu og dýrafitu og hreinsun jurtaolíu.
Hvers kyns starfsemi sem felst í útdrætti jurtaolíu úr fræjum og öðru plöntuefni, vinnsla þurra leifa til framleiðslu á fóðri, hreinsun á fitu og jurtaolíum úr fræjum, plöntuefni og/eða dýraefni.
13. Lakkviðgerðir ökutækja.
Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi sem felst í húðunarstarfsemi og tilheyrandi fituhreinsun þar sem framkvæmd er annaðhvort:
a) upphafleg yfirborðsmeðferð ökutækja, eins og skilgreint er í tilskipun 2007/46/EB, eða hluta þeirra með efnum til lakkviðgerða, að því tilskildu að starfsemin fari fram utan upphaflegu framleiðslulínunnar, eða
b) yfirborðsmeðferð eftirvagna (þ.m.t. festivagna) (O-flokkur í tilskipun 2007/46/EB).
14. Húðun vafvíra.
Hvers kyns yfirborðsmeðferð málmleiðara sem notaðir eru til að vefja rafspólur í spennubreytum, vélum o.s.frv.

15. Viðarfúavörn.
    Hvers kyns starfsemi sem felst í meðhöndlun viðar með fúavarnarefni.
16. Viðar- og plastsamlíming.
    Hvers kyns starfsemi sem felst í að líma saman við og/eða plast til framleiðslu á samlímdum vörum.

VIÐAUKI IV.
Starfsemi D.

1. Vinnsla úr járni og öðrum málmum.

1.1 Málmsteypur, aðrar en í viðauka I.
1.2 Stálsmíði og stálskipagerð.
1.3 Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.
1.4 Nagla- og skrúfuframleiðsla.
1.5 Vélaframleiðsla.
1.6 Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.
1.7 Meðferð og húðun málma.
1.8 Vinnsla á hrájárni og stáli, önnur en í viðauka I.
1.9 Bræðsla og málmblanda sem ekki er járn- eða stálvinnsla, önnur en í viðauka I.
1.10 Yfirborðsmeðhöndlun með rafgreiningar eða efnafræðilegar aðferðir, önnur en í viðauka I.
1.11 Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmiðnaði, rafiðnaði og tækjagerð.

2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum.

2.1 Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum.
2.2 Steinsmíði.
2.3 Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.
2.4 Leirmunaverkstæði, afkastageta önnur en tilgreind í viðauka I.
2.5 Steypueiningaverksmiðjur.
2.6 Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám.
2.7 Önnur sambærileg starfsemi með jarðefni.

3. Efnaiðnaður.

3.1 Fyrirtæki sem geyma klórgas.
3.2 Lakksprautun.
3.3 Prentiðnaðarfyrirtæki.
3.4 Efnalaugar.
3.5 Snyrtivöruframleiðsla.
3.6 Framköllun t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum.
3.7 Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
3.8 Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
3.9 Hreinlætisvöruverksmiðjur.
3.10 Plastiðnaður.
3.11 Vinnsla með plast- og frauðefni.
3.12 Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði.
3.13 Gleriðnaður og speglagerð.
3.14 Fúavörn á viði, önnur en í viðauka III, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m^3 á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain).
3.15 Tannlæknastofur.

3.16 Rannsóknarstofur þar sem notuð eru eða geymd hættuleg efni eða meðhöndluð sóttmenguð sýni.
3.17 Önnur starfsemi með sambærileg efni.

4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu.

4.1 Fóðurstöðvar.
4.2 Fóðurblöndur.
4.3 Gúmmívinnsla.
4.4 Trésmíðaverkstæði.
4.5 Sögunarmyllur.
4.6 Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar.
4.7 Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
4.8 Leðurvinnsla.
4.9 Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
4.10 Litun og bleiking, önnur en í viðauka I og III.
4.11 Ullarþvottastöðvar.
4.12 Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi, önnur en í viðauka I.
4.13 Fitu- og lýsisvinnsla.
4.14 Fituhersla.
4.15 Önnur sambærileg starfsemi með vinnslu og úrvinnslu á efnum úr jurta- og dýraríkinu.

5. Matvælavinnsla.

5.1 Sláturhús, önnur en í viðauka I.
5.2 Kjötvinnsla, önnur en í viðauka I.
5.3 Niðursuðuverksmiðjur.
5.4 Reykhús og reykofnar.
5.5 Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.
5.6 Framleiðsla tilbúinna rétta, önnur en í viðauka I.
5.7 Heitloftsþurrkun fiskafurða.
5.8 Mjólkurstöðvar, aðrar en í viðauka I.
5.9 Framleiðsla mjólkurdufts.
5.10 Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir.
5.11 Kaffibrennsla.
5.12 Smjörlíkisgerðir.
5.13 Kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I.
5.14 Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju.
5.15 Lauksteikingarverksmiðjur.
5.16 Mörbræðsla og tólgarframleiðsla.
5.17 Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni, önnur en í viðauka I.
5.18 Kæli- og frystigeymslur.
5.19 Önnur sambærileg matvælavinnsla.

6. Búfjár- og dýrahald.

6.1 Loðdýrarækt.
6.2 Eldi alifugla, annað en í viðauka I.
6.3 Eldi svína, annað en í viðauka I.
6.4 Kanínurækt.
6.5 Hestahald.
6.6 Dýraspítalar.
6.7 Hunda- og kattageymslur.

6.8 Gæludýraverslanir.
6.9 Önnur sambærileg starfsemi með búfjár- og dýrahald.

7. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki.

7.1 Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
7.2 Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu.
7.3 Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu.
7.4 Bifreiða- og vélaverkstæði.
7.5 Bifreiðasprautun.
7.6 Ryðvarnarverkstæði.
7.7 Smurstöðvar.
7.8 Bensínstöðvar.
7.9 Völuflutningamiðstöðvar.
7.10 Biðstöðvar leigubifreiða.
7.11 Bið- og endastöðvar strætisvagna.
7.12 Bón- og bílaþvottastöðvar.
7.13 Niðurrif bifreiða og bílapartasölur.
7.14 Sorpflutningar og sorphirða.
7.15 Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða.
7.16 Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi.
7.17 Önnur sambærileg starfsemi fyrir vélknúin farartæki.

8. Meðferð skólps og úrgangs.

8.1 Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur:
a. fyrir meira en 150.000 pe,
b. fyrir meira en 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða fyrir meira en 2.000 pe og afrennsli til ármynnis,
c. aðrar en í a- og b-lið.
8.2 Gámastöðvar.
8.3 Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni.
8.4 Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.
8.5 Endurnýting úrgangs.
8.6 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla meira en 5.000 tonn af úrgangi á ári.
8.7 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla 500–5.000 tonn af úrgangi á ári.
8.8 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla allt að 500 tonn af úrgangi á ári.
8.9 Önnur sambærileg starfsemi.

9. Ýmislegt.

9.1 Virkjanir og orkuveitur:
a. 2–10 MW,
b. 10–50 MW,
c. yfir 50 MW, sem ekki eru brennslustöðvar,
d. jarðvarmavirkjanir á háhitasvæðum yfir 50 MW.
9.2 Stórar spennistöðvar.
9.3 Stórar vörugeymslur.
9.4 Líkbrennslur.
9.5 Skotvellir.

9.6 Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús og þess háttar.
9.7 Æfingasvæði slökkviliðs.
9.8 Þvottahús.
9.9 Saltvinnsla.
9.10 Gasbirgðastöðvar.
9.11 Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest.
9.12 Viðhald og niðurrif skipa.
9.13 Rekstur aðstöðu í atvinnuskyni, þ.m.t. útleiga rýmis, fyrir hávaðasama starfsemi sem veldur truflun eða óþægindum.
9.14 Önnur sambærileg starfsemi.

10. Tímabundinn atvinnurekstur.

10.1 Geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva.
10.2 Notkun seyru til landgræðslu og skógræktar.
10.3 Áburðarframleiðsla úr lífrænum efnum (t.d. þurrkaður hænsnaskítur o.fl.).
10.4 Jarðborun.
10.5 Flugeldasýningar, nema á tímabilinu frá 28. desember til og með 6. janúar.
10.6 Brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma (áramót – Jónsmessa – ýmsir viðburðir).
10.7 Ýmiss konar tímabundin aðstaða, svo sem farandsalerni, farandeldhús og vinnubúðir sem tengjast tímabundnum framkvæmdum.
10.8 Niðurrif húsa og annarra bygginga.

VIÐAUKI V.
Starfsemi E.

Akstursíþróttasvæði.
Almenningssalerni.
Baðstofur og gufubaðstofur.
Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri.
Dvalarheimili.
Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar.
Dýragæsla.
Dýralæknastofur.
Dýrasnyrtistofur.
Dýraspítalar.
Fangelsi og fangagæsla.
Fjallaskálar, nema sæluhús.
Fótaaðgerðastofur og fótsnyrtistofur.
Frístundahúsasvæði.
Garðaúðun.
Gististaðir að undanskilinni heimagistingu.
Gæludýraverslanir.
Gæsluvellir og opin leiksvæði.
Götuleikhús og tívolí.
Hársnyrtistofur.
Heilsugæslustöðvar.
Heilsuræktarstöðvar.
Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga með sex börn eða fleiri.

Hestaleigur og reiðskólar.
Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
Íþróttahús.
Íþróttamiðstöðvar.
Íþróttavellir.
Kírópraktorar.
Leikskólar.
Læknastofur.
Meindýravarnir.
Nálastungustofur.
Nuddstofur.
Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki.
Samkomuhús.
Sjúkrahús.
Sjúkrastofnanir.
Sjúkraþjálfun.
Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna.
Snyrtistofur.
Sólbaðsstofur.
Starfsmannabúðir.
Starfsmannabústaðir.
Sundstaðir.
Tannlæknastofur.
Tjald- og hjólhýsasvæði.
Útihátíðir.
Veitingastaðir.
Verslunarmiðstöðvar.
Völuflutningamiðstöðvar.
Önnur sambærileg starfsemi.

46. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði.

47. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2017 nema k-liður 7. gr. (ný 16. gr. laganna) sem öðlast gildi 1. júlí 2018.

48. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

b. Við bætast sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir sem og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 43. gr.

2. Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti.

3. Á eftir x-lið 43. gr. laganna koma fimm nýir stafliðir, y–ö-liður, svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því:

y. viðmiðunarmörk, mælibúnað og eftirlit með honum, sbr. 64. gr.,
z. upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis á að hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu, sbr. 14. gr.,
þ. samræmi við viðmiðunarmörk, sbr. 63. gr. b,
æ. hönnun, útbúnað, byggingu og starfrækslu brennslustöðva, sbr. 63. gr. c,
ö. afhendingu og móttöku úrgangs, sbr. 63. gr. d.

4. 62. gr. laganna orðast svo:

Í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð skal auk þess sem fram kemur í 15. gr. gera grein fyrir ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar til að tryggja að:

a. brennslustöðin sé hönnuð, búin og verði haldið við og rekin með þeim hætti að kröfurnar sem til hennar eru gerðar verði uppfylltar,
b. varminn, sem myndast við brennslu- og sambrennsluferlið, sé endurheimtur eftir því sem við verður komið til framleiðslu varma, gufu eða orku,
c. dregið verði úr magni og skaðsemi ösku og hún endurunnin eftir því sem við á, og
d. förgun ösku verði í samræmi við lög þessi.

5. Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: kröfur um pH-gildi, hitastig og rennsli að því er varðar frárennsli frá brennslustöð, sýnatöku- og mælingaaðferðir og leyfilegan hámarkstíma fyrir hvers konar tæknilega óumflýjanlegar stöðvanir, raskanir eða bilanir.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun skal reglulega endurskoða starfsleyfi brennslustöðva og uppfæra ef nauðsyn krefur, sbr. einnig 14. gr.

6. Á eftir 63. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 63. gr. a – 63. gr. e, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:
   a. (63. gr. a.)

Bilun.

Ef um bilun er að ræða skal rekstraraðili brennslustöðvar draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til brennslustöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

   b. (63. gr. b.)

Samræmi við viðmiðunarmörk.

Líta skal svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun í andrúmsloft og vatn ef skilyrðin sem ráðherra kveður á um í reglugerð, sbr. 43. gr., eru uppfyllt.

   c. (63. gr. c.)

Rekstrarskilyrði.

Brennslustöðvar skulu hannaðar, útbúnar, byggðar og starfræktar með þeim hætti að þær uppfylli kröfur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 43. gr., að setja nánari ákvæði um hönnun, útbúnað, byggingu og starfrækslu brennslustöðva.

   d. (63. gr. d.)

Afhending og móttaka úrgangs.

Rekstraraðili brennslustöðvar skal haga afhendingu og móttöku úrgangs eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 43. gr.

   e. (63. gr. e.)

Umtalsverð breyting.

Breyting á starfsemi brennslustöðvar sem meðhöndlar aðeins hættulausan úrgang í brennslustöð sem felur í sér brennslu eða sambrennslu á hættulegum úrgangi telst umtalsverð breyting.

7. Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:
   a. Á undan 1. mgr. koma sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stýra skal losun úrgangslofts frá brennslustöðvum með reykháf en hæð hans er reiknuð með það í huga að vernda heilsufar manna og umhverfið.

Losun út í andrúmsloftið frá brennslustöðvum skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Takmarka skal, eftir því sem við verður komið, losun skólps, sem fellur til við hreinsun úrgangslofts, í vatnsumhverfi og styrkur mengunarefna skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Ekki má þynna skólp til að viðmiðunarmörk skv. 3. mgr. séu virt.

Svæði brennslustöðva skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir óheimila losun og losun sem verður fyrir slysni á hvers kyns mengandi efnum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn.

Geymslurými skal vera til staðar fyrir mengað afrennsli regnvatns frá svæði brennslustöðvar eða fyrir mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa.

Brennslustöð skal ekki halda áfram að brenna úrgang lengur en í fjórar klukkustundir óslitið þegar farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun.

b. Á eftir 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í brennslustöðvum skal vera sjálfvirkur mælibúnaður sem er háður eftirliti í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Umhverfisstofnun ákveður staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

Rekstraraðili brennslustöðvar skal skrá allar niðurstöður vöktunar, vinna úr og setja fram með þeim hætti að Umhverfisstofnun geti sannreynt að farið sé að rekstrarskilyrðum og viðmiðunarmörkum fyrir losun sem eru í starfsleyfinu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar í reglugerð á um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 43. gr.

Samþykkt á Alþingi 1. júní 2017.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði. Samhliða eru lagðar til breytingar varðandi útgáfu starfsleyfa, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunarinnar.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Umhverfisstofnun. Nánar er fjallað um samráð í 5. kafla.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Megintilefni frumvarpsins er innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015. Ákvörðunin var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands. Alþingi samþykkti þingsályktun um afléttingu á stjórnskipulegum fyrirvara í maí 2016 og tók ákvörðunin gildi 1. ágúst 2016. Eftirlitsstofnun EFTA sendi aðvörun til Íslands í nóvember 2016 þar sem frestur Íslands til að innleiða tilskipunina var runninn út.

Um alllangt skeið hefur verið kallað eftir endurskoðun á lögum nr. 7/1998, einkum hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Í byrjun október 2015 skilaði starfshópur um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerð með hugmyndum starfshópsins og sviðsmyndum um breytingar á fyrirkomulagi við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögunum. Ráðuneytið telur með hliðsjón af þeim sviðsmyndum sem fram koma í greinargerðinni og reynslu við framkvæmd laganna nauðsynlegt að leggja til frekari breytingar á lögunum, einkum hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Ráðuneytið hefur hafið vinnu að slíku frumvarpi og áformar ráðherra að leggja það fram á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er það mat ráðuneytisins að ráðast þurfi í heildarendurskoðun á lögunum og er gert ráð fyrir að sú vinna hefjist á næstu misserum. Í frumvarpinu sem hér liggur fyrir er þó lögð til ein breyting hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda og varðar hún breytingu á útgáfu starfsleyfa eins og nánar er fjallað um í 3. kafla.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins varðar fyrst og fremst innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB um losun í iðnaði. Í öðru lagi er lögð til breyting á útgáfu starfsleyfa með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB.

Tilskipun 2010/75/ESB.

Tilskipun 2010/75/ESB um losun í iðnaði sameinar sjö eldri EES-gerðir um samþættar mengunarvarnir. Allar nema ein hafa verið teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi. Tilskipun 2001/80/EB um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið, sem nær yfir brennsluver sem framleiða rafmagn og eru yfir 50MW afli, var ekki innleidd þar sem sú starfsemi hefur ekki verið hér á landi. Hin nýja tilskipun felur í sér endurútgáfu og uppfærslu á viðkomandi EES-gerðum þar sem tilgangurinn er sá að auka skýrleika reglnanna. Með tilskipun 2010/75/ESB er kveðið á um samþættar aðferðir við mengunarvarnir sem varða tiltekna mengandi starfsemi og gengur hún lengra en eldri tilskipanir. Tilskipunin byggist á heildstæðri nálgun þar sem taka skal tillit til umhverfisins í heild, þ.e. draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg við meðhöndlun

úrgangs og gera kröfur um orkunýtni og slysavarnir.

Markmið tilskipunar 2010/75/ESB er að koma í veg fyrir og takmarka mengun frá tiltekinni starfsemi, svo sem með því að setja losunarmörk fyrir tiltekin efni. Sem dæmi um starfsemi sem fellur undir tilskipunina eru stór málmiðnaður, álver, járnblendi, kísilver og þess háttar, stórir urðunarstaðir, stór sláturhús og svokallað þauleldi. Lagt er til að tilskipunin verði innleidd í heild sinni þó svo að tiltekin starfsemi sem tilskipunin tekur til sé ekki hér á landi, svo sem títandíoxíðiðnaður og stór brennsluver. Þannig er tekinn af allur vafi um það hvaða kröfur gildi um slíkan iðnað verði hann hér á landi síðar meir.

	Nóvember	4.060	8.552	20.199
	Desember	5.295	9.123	21.336
2016	Janúar	5.661	8.443	20.165
	Febrúar	4.212	8.094	18.768
	Mars	4.322	8.346	18.956
	Apríl	4.777	7.898	18.275
	Maí	5.375	8.895	20.139
	Júní	7.340	10.001	22.178
	Júlí	7.296	10.207	22.538
	Ágúst	7.639	9.940	22.101
	September	6.020	9.440	19.930
	Október	5.655	8.715	19.250
	Nóvember	5.625	8.592	18.564
	Desember	6.805	9.557	22.085
2017	Janúar	5.972	9.069	21.162
	Febrúar	5.585	8.727	20.047
	Mars	7.086	8.847	19.770

ISK dagleiga – samanburður RVK hverfa

Ár	Mán	Hlíðar	Laugar dalur	Miðbær	Vestur bær
2014	September	14.568	10.552	16.404	17.287
	Október	14.766	13.305	17.833	13.798
	Nóvember	15.469	15.627	18.544	14.310
	Desember	15.181	14.247	18.306	15.468
2015	Janúar	15.667	17.233	20.934	15.427
	Febrúar	14.595	15.030	20.599	15.930
	Mars	16.024	15.603	20.642	15.359
	Apríl	15.599	16.086	19.552	16.762
	Maí	16.037	17.735	20.327	16.519
	Júní	16.361	15.991	20.295	17.753
	Júlí	16.420	15.862	20.617	18.037
	Ágúst	17.106	15.273	20.762	18.585
	September	15.302	13.234	19.718	16.320
	Október	14.683	12.381	18.123	15.789
	Nóvember	14.603	13.082	19.462	17.307
	Desember	16.153	15.149	20.315	18.519
2016	Janúar	14.868	14.463	19.069	17.455
	Febrúar	14.086	14.032	17.567	16.246
	Mars	14.712	14.052	17.859	16.085
	Apríl	13.316	13.005	16.882	15.898
	Maí	14.869	13.711	19.280	16.813
	Júní	16.805	15.469	21.633	18.503
	Júlí	16.813	16.026	22.749	18.633
	Ágúst	16.250	15.320	21.883	18.216
	September	14.977	13.661	19.117	16.610
	Október	14.291	12.894	18.757	15.775
	Nóvember	14.214	12.293	17.893	15.644
	Desember	16.256	16.210	21.089	18.561
2017	Janúar	16.293	14.741	20.326	17.648
	Febrúar	15.305	13.453	19.104	17.063
	Mars	14.611	13.979	18.937	16.521

Heildartekjur leigusala

Ár	Mán	Mánaðar tekjur
2014	September	64.747.645
	Október	51.407.512
	Nóvember	76.563.009
	Desember	67.246.504
2015	Janúar	65.907.277
	Febrúar	86.315.514
	Mars	108.139.933
	Apríl	97.025.843
	Maí	176.379.148
	Júní	275.062.762
	Júlí	359.803.091
	Ágúst	392.775.918
	September	258.972.326
	Október	169.114.125
	Nóvember	212.088.394
	Desember	256.770.800
2016	Janúar	219.112.236
	Febrúar	310.836.769
	Mars	373.234.907
	Apríl	321.893.920
	Maí	534.797.239
	Júní	791.670.768
	Júlí	933.265.969
	Ágúst	956.305.788
	September	649.814.124
	Október	556.958.957
	Nóvember	493.928.829
	Desember	646.993.043
2017	Janúar	547.003.753
	Febrúar	595.416.728
	Mars	645.389.461

© 2017 Deloitte ehf.



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee ("DTTL"), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as "Deloitte Global") does not provide services to clients. Please see **www.deloitte.com/about** for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2016. For information, contact Deloitte Touche Tohmatsu Limited.

VSÓ RÁÐGJÖF
STOFNAÐ 1958

Í samvinnu við:

Reykjavíkurborg

ANALYTICA



Ferðaþjónusta í Reykjavík
Áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað



Unnið fyrir Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar
Febrúar 2017

www.vso.is

Borgartún 20
105 Reykjavík

585 9000
vso@vso.is

16359
S:\2016\16359\v\Greinagerð\grg170217-ferðaþjónusta húsnæðis og vinnumarkaður.docx
Febrúar 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
2	28.1.2017	Sbo/Analytica		
3	30.1.2017	SB0/Analytica	SBo	
4	31.1.2017	SB0/Analytica		
5	17.2.0201	SB0/Analytica	SBo, YH,	SBo

Fyrirvari

Skýrsla þessi er unnin fyrir Reykjavíkurborg. Upplýsingar sem hér koma fram eru byggðar á heimildum sem taldar eru áreiðanlegar þegar þeirra var aflað. Höfundar skýrslunnar taka ekki ábyrgð á viðskiptum á grundvelli efnis eða greiningar þeirra upplýsinga sem hér koma fram. Upplýsingar og skoðanir kunna að breytast án fyrirvara.

Efnisyfirlit

1	**Samantekt**	**3**
1.1	Ferðamenn	3
1.2	Gististaðir, nýting og gistinætur	3
1.3	Vinnumarkaður og mannfjöldaþróun	4
1.4	Húsnæði	4
2	**Inngangur**	**5**
3	**Forsendur**	**5**
3.1	Fjöldi ferðamanna	5
3.1.1	*Þróun síðustu ára*	*5*
3.1.2	*Gögn og aðferð*	*5*
3.1.3	*Vöxtur í fjölda ferðamanna heldur áfram*	*5*
3.2	Fjöldi gistinátta	7
3.2.1	*Meira lýsandi mælikvarði en fjöldi ferðamanna*	*7*
3.2.2	*Nýting er heilbrigðismælikvarði*	*8*
3.2.3	*Þróunin í fjölda gistinátta*	*9*
3.3	Framboð gistirýma	11
3.3.1	*Breytingar frá ári til árs*	*11*
3.3.2	*Árstíðabundnar breytingar*	*12*
4	**Áhrif á vinnumarkað**	**12**
4.1	Fjöldi starfa í ferðaþjónustu	12
4.2	Þáttur innflytjenda	13
4.3	Óbein áhrif vegna mannvirkjagerðar	14
5	**Áhrif á húsnæðismarkað**	**15**
5.1	Breytingar í nýtingu húsnæðis	15
5.1.1	*Staðbundnar breytingar á íbúafjölda*	*15*
5.1.2	*Mannfjöldaþróun í borginni allri*	*16*
5.2	Áhrif deilihagkerfis á húsnæðisframboð	17
5.2.1	*Ábati af útleigu íbúðahúsnæðis til ferðamanna*	*19*
5.2.2	*Fjöldi gistinátta sem þarf til að vega upp fórnarkostnað.*	*20*
5.3	Ný lög um útleigu gistirýma	21
5.3.1	*Efni lagabreytinganna*	*21*
5.3.2	*Áhrif nýrra laga á skráð gistirými*	*22*
5.3.3	*Áhrif dómsmáls á skammtímaleigu íbúða í fjölbýli til ferðamanna*	*25*
5.4	Möguleg samantekin áhrif á húsnæðismarkaðinn	25

1 Samantekt

1.1 Ferðamenn

Árið 2020 eru metnar 90% líkur á að fjöldi ferðamanna liggi á bilinu 3,2-5,9 milljóna ferðamanna og er væntigildið 4,3 milljónir. Byggir það á greiningu í fjölda koma aftur til ársins 2002. Væntigildið sýnir 39% vöxt í komu ferðamanna á komandi ári frá frá fyrra ári, 20% á árinu 2018, 17% árið 2019 og 23% vexti árið 2020.

Tölfræðileg greining á fyrri frammistöðu gefur ekki annað til kynna en að áframhaldandi vöxtur verði á fjölda ferðamanna til landsins þótt vitað sé að bakslag sé vel mögulegt. Verðlagsáhrif vegna gengis virðast hafa áhrif með tveggja ára töf. Ávöxtunarkrafa eiginfjár og skuldabréfa hafa einnig áhrif á verðlag og hefur væntanlega svipaða töf og áhrif.

Vægi einstakra upprunalanda getur haft mikil áhrif á útkomuna. Bretar og Bandaríkjamenn hafa mikið vægi í fjölda ferðamanna og er ferðamannafjöldinn í heild því viðkvæmur fyrir efnahagsþróun á þessum mörkuðum. Kínverjar eru sívaxandi hópur sem getur haft veruleg áhrif á ekki bara fjölda ferðamanna heldur einnig árstíðardreifingu og gæði þjónustunnar.

1.2 Gististaðir, nýting og gistinætur

Miða má við að hver ferðamaður til Íslands skapi kringum tvær gistinætur á höfuðborgarsvæðinu. Á komandi ári má því reikna með um 5 milljónum gistinátta og 6 milljónum á árinu 2018.

Gistirými á höfuðborgarsvæðinu hafa verið um 14.000 í lok árs 2016 skv. opinberri skráningu. Að jafnaði eru um 1.600 gististaðir til reiðu á Airbnb en líklega er um 400 af þeim gistiheimili, íbúðargisting og heimagisting sem hefur tilskilin leyfi. Þeir 1.200 staðir sem eftir standa bjóða líklega upp á um 3.000 gistirými að jafnaði.

Ekki er gerð grein fyrir 41% gistinátta í opinberum skráningum samanborið við könnun Ferðamálastofu á dvöl ferðamanna. Stór hluti óskráðrar gistingar er viðvarandi skekkja í upplýsingum um greinina. Einhver merki eru um að sá þáttur sé vaxandi en ekki hægt að fullyrða um orsakir. Aukin notkun tjaldstæða, t.d. fyrir húsbíla eða „campers“ er ekki síður líklegur þáttur en óskráð heimagisting. Könnun Ferðamálastofu á dvalarlengd og gistingu bendir til að um 10% gistinátta hafi verið í íbúðargistingu.

Alls voru á landinu um 9 milljónir gistinátta á liðnu ári. Á höfuðborgarsvæðinu voru það um 3,6 milljónir gistinátta. Helst það að mestu í hendur við fjölgun ferðamanna milli ára. Munurinn á fjölda gistinátta sem ein milljón ferðamanna skapar getur verið 350.000 nætur miðað við breytileika í dvalarlengd síðust ára. Dvalarlengd hefur farið minnkandi síðan 2012 og því skila sér færri gistinætur af hverjum gesti.

Nýting á hótelherbergjum er komin yfir 80% 12 mánaða meðaltal á höfuðborgarsvæðinu. Á háannatíma er nýtingin yfir 90%. Er það svipað eða meira en best nýttu svæðin í Evrópu. Þá er greinilegt að flökt í nýtingu milli árstíða er að minnnka. Nýting gistirýma á hótelum gefur ekki sérstaklega tilefni til að áætla annað en að heimagisting, skráð og óskráð, sé að taka kúfinn af eftirspurninni á sumrin en taki einhvern hluta eftirspurnarinnar að vetri til. Neikvæð áhrif fyrir rekstur hótela séu m.ö.o. ekki veruleg.

Samræmd söfnun á upplýsingum um verðlag á gistingu gæti gefið betri mynd af heilbrigði greinarinnar þar sem nýting segir ekki alla söguna. Einblína ætti í auknu mæli á fjölda gistinátta þegar umfang ferðaþjónustunnar er metið framvegis, fremur en fjölda ferðamanna sem koma til landsins.

1.3 Vinnumarkaður og mannfjöldaþróun

Heildarfjöldi í einkennandi störfum ferðaþjónustu er 26.500 manns sem er um 14% af vinnumarkaðnum. Íslenskur vinnumarkaður er að stórum hluta að nálgast mettun með 85% atvinnuþátttöku sem er með því allra mesta sem gerist. 15.000 störf hafa orðið til í ferðaþjónustunni frá árinu 2009. Á síðasta ári urðu til 4.000 störf sem er þriðjungur nýrra starfa. A.m.k. annað hvert starf í greininni er fyllt með innfluttu vinnuafli.

Á árinu má reikna með að 2.000 störf verði til í ferðaþjónustunni og næstu tvö ár á eftir. Í samræmi við aukningu í fjölda ferðamana kunna að verða til 3.000 störf árið 2020. Alls eru það 9-10 þúsund störf sem gætu orðið til og er það þó fremur hógvært sé litið til reynslunnar frá 2009 og liðins árs.

Öll fjölgun á Íslandi og í Reykjavík verður til vegna innflytjenda. Raunar hefur íslenskum ríkisborgurum fækkað en innflutningur vegið það upp.

Byggingariðnaður er talinn veita um 12.000 störf en erfitt er að meta hvort fleiri störf séu í reynd og hvernig sambandi greinarinnar við þenslu í ferðþjónustu er háttað.

1.4 Húsnæði

Bæði heildarmannfjöldi og breytingar á hlutfalli erlendra ríkisborgara benda til að sótt sé að íbúðarbyggð í Austurbænum. Sömu sögu er þó ekki endilega að segja af nærliggjandi hverfum og því má telja að áhrif heimagistingar á íbúðarmarkaðinn sé fremur staðbundin.

Í miðborginni er mögulegt að ná inn fyrir kostnaði með því að leigja út íbúð í heimagistingu með tilskilin leyfi á 201 degi. Samsvarandi er 170 dagar fyrir óleyfis gistingu. En leigja þarf út í 344 daga á almennum markaði. Hvatinn til að leigja til ferðamanna er því mjög skýr. Samkvæmt lögmálum nytjahagfræðinnar ættu í raun allir fasteignaeigendur í miðborginni að leitast við að koma eignum sínum í útleigu til ferðamanna.

Ekki er enn ljóst hvort ný lagasetning hefur haft áhrif á framboð óleyfis gististaða á Airbnb en sú hefur þó verið reynslan þar sem þekkt er til. Ef ekki kemur til þess að eftirlitsaðilar láti af sér vita mun framboðið þó halda áfram að vaxa í takt við eftirspurn.

Almennt er ekki hægt að vega upp fórnarkostnað með útleigu til ferðamanna á minna en 90 dögum. Miðað við verðlagningu ná nær engir upp í tveggja milljón króna tekjumarkið á 90 dögum eða skemur sem lögin heimila.

Vegna þess að reikna megi með að störfum fjölgi um 10.000 á næstu 4 árum í ferðaþjónustunni verður til aukin eftirspurn eftir húsnæði, ekki færri en 2.500 íbúðir ef reiknað er með að annar hver komi frá útlöndum, annað hvert starf verði til á landsbyggðinni í samræmi við dreifingu gistinátta og að fólk komi almennt óparað. Vel má þó sjá í hendi sér að þörfin verði stærri ef störfin eru fleiri og fólk búi frekar á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótareftirspurn eftir húsnæði er því um 600-750 íbúðir árlega vegna starfsfólks í ferðaþjónustu, næstu ár.

Ekki er mikið vitað um búsetuhagi þeirra sem hér starfa í skamma stund eða eru að koma sér fyrir eftir flutning að utan en ýmislegt er sagt um þrengsli, búsetu í ólöglegu húsnæði og búsetu á vinnustað. Ná þyrfti betur utan um þá stöðu til að meta húsnæðisskort sem þegar er til staðar.

2 Inngangur

Greining þessi er unnin af VSÓ Ráðgjöf og Analytica fyrir Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar. Markmið skýrslunnar er að skýra áhrif ferðaþjónustunnar á húsnæðis- og vinnumarkað í Reykjavík.

3 Forsendur

3.1 Fjöldi ferðamanna

3.1.1 Þróun síðustu ára

Fjölgun ferðamanna til Íslands síðustu ára hefur verið umfram það sem hægt er að vænta til langrar framtíðar ekki er þó hægt að útiloka að slíkur vöxtur sem verið hefur haldi áfram um nokkra stund. Spurningin er hvernig breytingin á eftir að birtast, hvort umskiptin verði hröð eða hæg og hversu varanleg samdráttur væri. Íslensk ferðaþjónusta sá fækkun á fjölda ferðamanna milli ára í fjórgang frá aldamótum og ekkert sem segir að sú staða geti ekki komið upp að nýju. Þrátt fyrir fyrrgreind bakslög hefur vöxturinn verið mjög sterkur í heildina litið og verður að reikna með að sá meðalvöxtur sem verið hefur undanfarna áratugi geti haldið áfram. Spurningin vaknar þá einnig hvort þróun síðustu 5 ára sé frávik í sögulegu samhengi. Greining á gögnum aftur í tímann bendir til að svo þurfi ekki að vera.

Íslenski ferðaþjónustumarkaðurinn er mjög lítill í alþjóðlegu samhengi og því geta sveiflur komið fram með mjög sterkum hætti. Það þarf ekki nema lítið hlutfall ferðamanna af stærstu markaðssvæðunum til að breyta mjög myndinni fyrir íslenska ferðaþjónustu.

3.1.2 Gögn og aðferð

Unnið er með mánaðarleg gögn um fjölda og upprunaland ferðamanna aftur til ársins 2002. Tölfræðileg greining á þróun í fjölda ferðamanna frá stökum löndum og vægi hvers lands í heildarfjöldanum er notað til að fá fram framtíðarþróun í heildarfjölda ferðamanna til landsins.


Aðferðin að baki mótun þessarar forsendur er nokkuð flókin en hún er í grófum dráttum þannig að hegðunarmynstur hvers hóps fyrir sig er kortlagt og tölfræðilegir eiginleikar metnir. Þá eru skapaðar nokkuð þúsund mögulegar útkomur af heildarmyndinni út frá fyrri hegðun og fæst þannig líkindadreifing á heildarfjöldanum til framtíðar.

Tölfræðileg greining sem byggir á fyrri reynslu getur vitanlega ekki tekið tillit sérstæðra atburða eða tímasett nákvæmlega sveiflur í hagkerfi heimsins sem getur haft töluverð áhrif á eftirspurn eftir ferðaþjónustu. En það er þó ljóst að ferðaþjónusta sem atvinnugrein hefur verið í stöðugum vexti svo áratugum skiptir engar vísbendingar um að lát verði á. Þá liggja til grundvallar mjög áreiðanlegar og nokkuð ítarlegar tölur um fjölda ferðamanna sem koma til Íslands síðustu 165 mánuðina. Lengd og áreiðanleiki gagnasafnsins er mikilvægur þáttur í því öryggi sem spá um framtíðarþróunina er sett fram með.

3.1.3 Vöxtur í fjölda ferðamanna heldur áfram

Niðurstöður greiningarinnar er sett fram í grafinu að neðan. Sýnt er væntigildi úr hermunum ásamt neðri og efri mörkum fyrir 90% niðurstaðna. Niðurstöðurnar benda til þess að árið **2020 verði fjöldi ferðamanna á landinu á bilinu 3,2-5,9 milljónir árlega og væntigildi spárinnar er 4,3 milljónir**. Óvissan eykst vitanlega eftir því sem lengra er litið fram í tímann og sýna niðurstöður spárinnar að fjöldi ferðmanna 2021 gæti verið á bilinu 3,7-7,6 milljónir árlega og er væntigildið 5,3 milljónir. Með öðrum orðum, byggt á fyrri þróun getur fjöldi ferðamanna, varlega áætlað tvöfaldast næstu 5 ár og allt að fjórfaldast.

Spá um fjölda ferðamanna til framtíðar



Mynd 1 Framvirk spá um fjölda ferðamanna byggt á reynslunni frá 2002. Spá Analytica. Gögn: Hagstofa Íslands.

	5% neðri mörk	Væntigildi	5% efri mörk
2017	2.286.828	2.492.495	2.716.832
2018	2.492.589	2.984.565	3.572.861
2019	2.777.581	3.574.039	4.553.092
2020	3.190.502	4.351.944	5.917.879
2021	3.708.065	5.322.534	7.601.033

Mynd 1 sýnir niðurstöður hermireikninga fyrir mögulegan ferðamannafjölda árin 2017-2021. Í hermireikningunum voru framkallaðar 2000 sviðsmyndir en línuritið sýnir einungis 15 þeirra. Að auki er sýnt væntigildi sem er meðaltal allra sviðsmynda og er svartur ferill. Þá eru sýnd sk. 5% efri mörk og 5% neðri mörk með grænum ferlum. 5% efri mörk fela í sér að fyrir ofan þann feril lenda punktar fyrir einstök ár sem eru 5% af fjölda sviðsmynda fyrir það ár. Þetta þýðir að einstök ár eru 100 sviðsmyndir fyrir ofan mörkin. Öfugt gildir fyrir 5% neðri mörk en þau fela í sér að fyrir neðan þann feril lenda 5% punkta fyrir allar sviðsmyndir, þ.e. punktar úr 100 öðrum sviðsmyndum.

Ferlar fyrir einstakar sviðsmyndir geta sveiflast upp og niður þegar þeir eru raktir ár fyrir ár. Þetta má sjá á þeim dæmum sem sýnd eru á myndinni en þau eru valin af handahófi. Þannig getur orðið samdráttur á milli einstakra ára í tilteknum sviðsmyndum þótt vöxtur sé líklegri. Greiningin byggir á reynslu skv. sögulegum gögnum fyrir tímabilið 2002-2016 og eru frá Ferðamálastofu. Greiningin er gerð af Analytica.

3.1.3.1 *Breytingar á vægi: Bretar og Bandaríkjamenn áfram fjölmennastir*

Bandaríkjamenn og Bretar eru fjölmennustu hópar ferðamanna til Íslands í dag og langtum fjölmennari en aðrir hópar með samtals um 41% af heildarfjölda gesta. Næst á eftir er safnhópurinn „aðrir" en þar er eru öll lönd sem ekki eru talin sérstaklega. Það er sá hópur sem mun knýja mikinn hluta vaxtarins á komandi árum og því mikilvægt að öðlast betri yfirsýna og halda áfram greiningum á þeim hópi.

Byggt á þróun síðustu ára munu þó bæði Bandaríkjamenn og Bretar halda stöðu sinni sem stærstu einstöku upprunastaðir ferðamanna. En vægi annarra þjóða er áfram svipað í stórum dráttum. Þróun hagsældar í þessum tveimur löndum er því stór áhrifaþáttur á spá um framtíðina. Tveir viðburðir koma til hugar þegar þau mál eru rædd: Forsetakosningar í Bandaríkjunum sem nýlega fóru fram og útganga Bretlands úr ESB. Aðrir slíkir atburðir kunna að verða með ótilgreindum áhrifum. Athygli vekur að Þjóðverjar sem lengi vel voru meðal helstu gesta virðast vera að minnka hlutfallslega í vægi.

3.1.3.2 *Kínverjar: Stóra spurningin*

Kínverjar munu auka vægi sitt úr því að vera 3,8% ferðamanna í að verða 6% hér á landi árið 2020 og 10% árið 2025. Þróunin á heimsvísu bendir þó til að Ísland hljóti þá að vera nokkur eftirbátur heimsmarkaðsins og hugsanlega er þar þróun sem ekki hefur komið nógu skýrt fram í sögulegum gögnum.

Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað mjög í heiminum og eru þeir nú fjölmennasti hópur ferðamanna í heiminum og eru tvöfalt fleiri en Bandaríkjamenn sem koma í öðru sæti. Útgjöld Kínverja til ferðamála hafa nærri fimmfaldast á árabilinu 2005-2012 og eyða þeir mest allra þjóða í ferðaþjónustu.

Kínverskir ferðamenn hafa nokkur sérkenni sem gætu haft mikil áhrif komi til þess að hlutdeild þeirra á íslenskum ferðamarkaði aukist. Þeir ferðast meira í skipulögðum hópum bæði stórum og litlum. Ferðatíminn markast einnig af þeim tíma árs sem þeir vænta þess að eiga frí. Talað er um s.k. „gylltar vikur" kringum nýja árið sem fellur seint í janúar eða byrjun febrúar annars vegar og þjóðhátíðardaginn sem er í fyrstu viku október.

Áhrifin eru þau að eftirspurn eftir ferðum til Íslands gæti aukist mjög utan háannatímans og kæmu gistinætur til með að falla helst á stærri gististöðum sem geta tekið á móti hópum ef um eldra fólk er að ræða en jafnvel að íbúðir þar sem ná má hagkvæmri gistingu fyrir litla hópa sjái aukna eftirspurn. Kínverskir ferðamenn eru einnig þekktir fyrir mikil fjárráð og eyða fúlgum fjár í lúxus vörur og þjónustu. Spurningin er þá hvort Ísland sé nógu aðlaðandi í augum þeirra sem mestu eyða.

3.2 Fjöldi gistinátta

3.2.1 *Meira lýsandi mælikvarði en fjöldi ferðamanna*


Lagt er til að umfang ferðmennskunnar verði fremur metið með tilliti til fjölda gistinátta en heildarfjölda ferðamanna líkt og verið hefur. Fjöldi ferðamanna er ágætur mælikvarði þegar hegðun svo sem dvalarlengd er nokkuð einsleit og stöðug. En vísbendingar eru um að dvalarlengd sé að styttast og að nokkur hluti gistinátta sé óskýrður sem gerir mælikvarðann fjölda ferðamanna minna lýsandi. Fjöldi gistinátta gefur sterkari vísbendingar um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar og er því lagt til að sá mælikvarði fái aukið vægi í umræðunni og að kapp sé lagt á að gera aðgengilegar upplýsingar hvað hann varðar enn vandaðri.

Fjöldi gistinátta sem áfangastaðurinn Ísland getur boðið upp á er bundinn á hverri gefinni stund en getur tekið breytingum. Það hversu margar gistinætur eru nýttar af þeim sem mögulega mætti nýta er nýting rúma í ferðaþjónustunni. Nýting herbergja er nátengdur mælikvarði sem kann að vera áreiðanlegri á hótelum.

3.2.2 *Nýting er heilbrigðismælikvarði*

Nýting gististaða er að aukast yfir allt árið á Íslandi og nálgast mettun á sumrin. Jafnvel yfir veturinn má orðið sjá mjög mikla nýtingu á hótelum og öðrum gististöðum. Með aukinni aðsókn yfir vetrarmánuðina verður heildarnýting yfir árið meiri og flökt milli árstíða er greinilega orðið minna.

Nýting hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 2 Brotalínan sýnir 12 mánaða meðaltal. Heimild: Hagstofa Íslands

Gengið er út frá að nýtingarhlutfall herbergja á öllum hótelum sé góð vísbending um heilbrigði greinarinnar þótt slíkt þurfi ekki að raunin á stökum hótelum þar sem verð á herbergi og kostnaðarliðir geta vegið þyngra. Líkt og í öðrum viðskiptum er það afkoma hvers árs sem er besti mælikvarðinn á heilbrigði greinarinnar. Því er ekki úr vegi að nefna að tekjur af hverju tiltæku herbergi er ekki síður áhugaverður mælikvarði sem er ekki almennt aðgengilegur hvað varðar íslensk hótel. Þeim gögnum er ekki safnað af opinberum aðilum.

Þau 10 svæði Evrópu sem hafa mesta nýtingu gististaða eru með nýtingu á bilinu 70-80% á ársgrundvelli[1] sem er sama og má sjá á höfuðborgarsvæðinu en undanfarin 4 ár hefur nýting hótelherbergja verið á því bili[2]. Tölfræði Eurostat í ofangreindum samanburði er gefin upp fyrir Ísland í heild (NUTS2 svæðaskipting) og er nýtingin þá 55-60% á ársgrundvelli árið 2014. Sjá Mynd 3. En líkt og kemur fram að ofan er ársnýting hótela á höfuðborgarsvæðinu orðin meira en 80%.

Rýni þessa mælikvarða gefur ekki tilefni til áhyggna af vægi heimagistingar á markaði þar sem hótel og gistiheimili eru vel nýtt, sér í lagi að sumri.

Annar þáttur sem gæti skýrt betur jafnvægi í greininni milli árstíða eru nákvæmari upplýsingar um verðla en slíkum upplýsingum er ekki safnað af opinberum aðilum hér á landi.

[1] http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Top_10_and_bottom_10_EU_tourist_regions_in_terms_of_bedroom_occupancy_rates_in_hotels_and_similar_establishments,_by_NUTS_2_regions,_2014_(%C2%B9)_(%25)_RYB2016.png


[2] Hagstofa Íslands, nýting herbergja á hótelum 2000-2016

3.2.3 Þróunin í fjölda gistinátta

Skráðar gistinætur á hótelum árið 2010 voru 1,05 milljónir á landinu öllu, þ.a. 768 þ. á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2015 er skráður fjöldi gistinátta á hótelum um 2,5 milljónir, þ.a. um 1,7 m. á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma hefur nýtingarhlutfall herbergja á hótelum á landinu öllu aukist úr 55.3% í 78.8%.

Þróunin í fjölda gistinátta hefur að mestu fylgt fjölda ferðamanna til Íslands þótt hlutfallið þar á milli rokki aðeins til, hugsanlega með kostnaðarþróun. Áætla má **að heildarfjöldi gistinátta á höfuðborgarsvæðinu hafi verið 3,6 milljónir talsins á árinu 2016**. Á árinu má reikna með að hver ferðamaður sem komi til landsins sé ávísun á 2,03 gistinætur á höfuðborgarsvæðinu. Hæst hefur hlutfallið verið 2,30 árið 2002 og lægst farið í 1,95 árið 2008. Er hér stuðst við skráningu Hagstofu Íslands á upplýsingum. Sá breytileiki sem kemur fram í þessu hlutfalli getur haft áhrif á 350.000 gistinætur fyrir hverja milljón ferðamenn sem til landsins koma eða sem nemur 480 hótelherbergjum í fullri nýtingu og munar um minna. Vísbendingar eru um að hlutfall gistinátta á gest sé heldur fallandi frá árinu 2012. Ef kostnaður við gistingu og annað uppihald eykst er líklegt að það haldi áfram að falla frekar en að fjöldi ferðamanna dragist saman. Allir verðlagsþættir hafa þar áhrif: gengi, vextir og ávöxtunarkrafa fjárfesta í greininni.


Vakin er athygli á umfjöllun í kafla 5.2 þar sem fram kemur að um 40% gistinátta á landinu séu óskráðar miðað við kannanir Ferðamálastofu á heildardvalarlengd.



Mynd 3 Samanburður á nýtingum landsvæð í Evrópu[3]

[3] http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Bedroom_occupancy_rates_in_hotels_and_similar_establishments,_by_NUTS_2_regions,_2014_(%C2%B9)_(%25)_RYB2016.png

Ferðamenn og gistinætur á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 4 Þróunin í fjölda ferðamanna til Íslands og fjölda gistinátta á höfuðborgarsvæðinu. Gistinætur áætlaðar fyrir árið 2016. Tölurnar á milli línanna sína hlutfallið milli gildanna árin 2000, 2005, 2010 og 2015. Heimild: Hagstofa Íslands.

3.3 Framboð gistirýma

3.3.1 Breytingar frá ári til árs

Alls er framboð gistirýma mjög vaxandi undanfarin ár og ekki er lát á af tilkynningum af fyrirhuguðum verkefnum að dæma. Miklar breytingar eru að verða í þeim stofni gistirýma sem svo dregst saman eða þenst út að hluta mill árstíðanna frá aldamótum. Lang mestu munar þar um heilsárshótel sem eru um þrír fjórðu hlutar aukningarinnar í fjölda gistirýma. Alls hefur fjöldi gistirýma þrefaldast síðan um aldamótin. Sjá má heildarbreytinguna á Mynd 5.

Framboð allra gististaða á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 5 Heildarfjöldi rúma á öllum gististöðum á höfuðborgarsvæðinu. Brotalínana sýnir 12 mánaða meðaltal. Heimild: Hagstofa Íslands

3.3.2 *Árstíðabundnar breytingar*

Töluverð árstíðarsveifla er í framboði á gistirýmum sem kemur fram með ólíkum hætti eftir tegund gististaða, munar þar um nokkur hundruð rými sem sveiflast til milli veturs og sumars. Mynd 5 sýnir þessar sveiflur mjög greinilega einnig.

Sumarið 2015 voru 13.300 gistirými í boði á öllum skráðum gististöðum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Miðað við breytingar á fjölda hótelrýma má reikna með að í lok árs 2016 hafi verið minnst 14.100 gistirými til staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Rými á hótelum fjölgar jafnt og þétt í rykkjum eins og við er að búast þegar stórar einingar eru byggðar og hefur ekki miklar árstíðarsveiflur. Sama má segja um farfuglaheimili og að einhverju marki um íbúðargistingu/íbúðarhótel. Sveiflan skýrist að mestu af heimagistingu og gistiheimilum. Líklega má líta svo á að heimagisting sé framboð sem birtist aðallega á sumrin en að gistiheimilum sé að einhverju leyti lokað yfir háveturinn enda birtast toppar í heimagistingu yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst en gistiheimilin rifa seglin frá desember til febrúar. Þá eru um 300 rými á sérstökum sumarhótelum sem eðli málsins samkvæmt starfa eingöngu á sumrin.

Ekki er hægt að draga ályktanir um annað en að óskráð gisting fylgi nokkurn veginn sama takti og skráð gisting þar sem fjöldi gistinátta og nýting skráðra gististaða virðist haldast í hendur við fjölda ferðamanna til landsins.

4 Áhrif á vinnumarkað

4.1 Fjöldi starfa í ferðaþjónustu


Framboð vinnuafls hérlendis ræðst af fjölda fólks á vinnufærum aldri, atvinnuþátttöku og vinnutíma.[4] Eftirspurn eftir vinnuafli ræðst hins vegar af þörfum atvinnulífsins, launakostnaði og framleiðni.

Hraður uppgangur ferðaþjónustunnar hefur þýtt mikla aukningu í eftirspurn eftir vinnuafli. Mynd 6 sýnir vinnuaflsnotkun í einkennandi greinum ferðaþjónustu frá árinu 2008 skv. tölum Hagstofu Íslands. Tölurnar hafa verið leiðréttar fyrir árstíðasveiflu til að sýna betur undirliggjandi þróun. Sjá má að vinnuaflsnotkun í þessum greinum dróst nokkuð saman í hruninu, einkum í veitingarekstri en hefur risið hratt frá ársbyrjun 2009. Þannig var fjöldi starfandi í viðkomandi greinum um 11.500 í ársbyrjun 2009 en eru nú um 26.500. Fjöldinn hefur þannig meira en tvöfaldast á tímabilinu og sl. 12 mánuði hefur fjölgunin numið um 4 þús. störfum. Fjölgunin ein og sér segir þó ekki nema hluta sögunnar en engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um vinnutíma í þessum atvinnugreinum til að meta umfang vinnunnar mælt í ársverkum. Með vorinu kunna að koma fram áhugaverðar upplýsingar sem Hagstofan vinnur úr staðgreiðsluskrá.

Gagnlegt er að setja ofangreindar tölur í samhengi við fjölda starfandi á vinnumarkaði hérlendis en þar er um að ræða um 199 þús. Manns á þriðja ársfjórðungi 2016. Undanfarið ár hefur starfandi fólki fjölgað um 13 þús. **Fjölgunin í einkennandi greinum ferðaþjónustu nemur því tæplega þriðjungi fjölgunarinnar undanfarið ár.**

Almennt er vinnumarkaðsþátttaka á Íslandi mikil, um 85% en er mun nær 75% almennt meðal OECD ríkja.[5]

[4] Vinnufær aldur er í þessu samhengi gjarnan skilgreindur sem 16-74 ár.
[5] OECD gagnasafn og Hagstofa Íslands.



Mynd 6 Vinnuaflsnotkun í einkennandi greinum ferðaþjónustu 2008-2016 – Árstíðaleiðréttar tölur
Heimild: Hagstofa Íslands, árstíðaleiðrétting Analytica


4.2 Þáttur innflytjenda

Fjölgun starfandi er nokkuð umfram „náttúrulega fjölgun“ þjóðarinnar en munurinn skýrist af innflytjendum. **Tölfræðigreining Analytica bendir til að um helmingur af fjölgun starfa í ferðaþjónustu sl. ár sé aðflutt vinnuafl** og þannig ljóst að framboð innlendra eykst ekki nægilega hratt til að svara eftirspurn. Vöxturinn í ferðaþjónustu þýðir þannig að ekki er eingöngu þörf á gistirými fyrir ferðamenn heldur einnig þörf á húsnæði fyrir innflytjendur sem starfa í greininni og fjölskyldur þeirra. Á þessu ári gæti fjölgun erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu hérlendis numið rúmlega 2 þús. manns. Erlent vinnuafl er reyndar ekki einskorðað við ferðaþjónustu heldur einnig mikið notað í byggingariðnaði og nokkrum öðrum atvinnugreinum.

Í skýrslu Vinnumálastofnunar[6] segir að fjölgun starfa hafi verið mjög bundin við ferðaþjónustu síðustu ár. Ljóst sé að leita þurfi eftir erlendu vinnuafli í stóran hluta þeirra starfa sem bætast við greinina, helst störf fyrir ófaglærð en einnig fyrir fólk með framhaldsmenntun og að einhverju marki fyrir fólk með háskólamenntun. Sama er uppi á teningnum hvað varðar byggingariðnaðinn.

Þegar litið er til þróunar í fjölda fólks á vinnufærum aldri er áberandi hversu mikið hraðar innflytjendum fjölgar en innfæddum. Þetta má sjá á Mynd 7. Náttúruleg fjölgun innlendra er um 0,7% á ári en innflytjendum hefur fjölgað um 9,4% á ári á því 20 ára tímabili sem gögnin ná til.

[6] *Staða og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016-2018*



Mynd 7 Þróun í fjölda fólks á vinnufærum aldri (16-74)

Svipaða sögu má segja af Reykjavík þótt tölur um innflytjendur og innfædda liggi ekki fyrir þar eftir aldri fyrir hópana aðskilda. Þegar litið er til heildarmannfjölda í Reykjavík þá hefur innfæddum fjölgað um 0,15% árlega síðustu 18 ár en innflytjendum um 9,5% árlega. Af þessu má m.a. ráða á að innflytjendur til landsins eru mikilvægur og vaxandi hluti vinnuaflsins og ekki bara þegar litið er til skammtímaþróunar. Það eru einnig innflytjendur sem drífa þörfina eftir húsnæði í Reykjavík. Innfæddir virðast leita annað á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt gögnum Analytica. Frekari umfjöllun um þennan þátt er að finna í kafla 5.1.1.

4.3 Óbein áhrif vegna mannvirkjagerðar

Annar þáttur vinnumarkaðarins er tengdur hinum miklu umsvifum í ferðaþjónustunni: byggingaframkvæmdir hvers konar. Samtöl við aðila á markaðnum leiða í ljós tilgátur um að mikil umsvif rati ekki í hagtölur, m.a. vegna svo kallaðra þjónustuviðskipta þar sem starfsmenn koma sem hluti af þjónustu með ákveðnum byggingaeiningum eða gegnum starfsmannaleigur. Sá fjöldi starfsmanna sem komi fram í hagtölum sé þannig nokkuð vanmetinn og er sú kenning studd misræmi í framleiðsluvexti og starfsmannafjölda. Vöxtur í starfsmannahópi greinarinnar setur einnig töluverðan þrýsting á húsnæðismarkaðinn. Almennt er greinin þó talin telja um 12.000 manns.

Þá er það rætt að hugsanlega séu ákveðin „innri ruðningsáhrif“ að verða á byggingamarkaði þar sem betur fjármögnuð og örugg verkefni séu tekin umfram önnur verkefni með meiri eigin áhættu og óvissri eða rýrri fjármögnun. Þannig standi opinberar framkvæmdir og stærri verkefni í íbúðum, hótelum og fleiru í vegi fyrir að íbúðarhúsnæði rati á verkefnalista verktaka.

Framleiðsla í mannvirkjagerð er ekki eingöngu nýframkvæmdir heldur eru viðhalds- og endurbótaverkefni mjög mannaflsfrekur þáttur greinarinnar sem virðist vera erfitt að draga fram lýsandi upplýsingar um. Ef litið er til miðborgar Reykjavíkur er þar líklega töluverð eftirspurn eftir slíkum framkvæmdum t.d. vegna aldurs húsnæðissstofnsins. Vænta má

skýrslu Byggingafulltrúa á næstu misserum sem hugsanlega getur varpað ljósi á þróunina í uppbyggingu í Reykjavík á liðnu ári.

5 Áhrif á húsnæðismarkað


5.1 Breytingar í nýtingu húsnæðis

Íbúðarhúsnæðisstofnar breytast yfirleitt hægt en stöðuglega. Megnið af því húsnæði sem verður notað í náinni framtíð hefur þegar verið byggt. Því skiptir töluverðu máli hvernig það húsnæði sem til er, er notað. Þá er víst að húsnæði heldur flest þeim notum sem því var ætlað nema til komi sérstakar aðstæður. Líkt og áður kom fram liggja ekki fyrir upplýsingar um breytingar á notkun húsnæðis og einhver ástæða er til að halda að þar sé vöntun á skráningum eða að breytingar skili sér ekki til Fasteignaskrár Þjóðskrár.

Þegar kemur að ferðaþjónustunni leiðir greiningin í ljós að tveir þættir kunni að hafa mest áhrif: Aukin ásókn í að nýta húsnæði fyrir gistiþjónustu og eftirspurn eftir húsnæði fyrir vaxandi vinnumarkað af völdum ferðaþjónustunnar beint. Þá eru óbein áhrif af því að ferðaþjónustan og afleiddur vöxtur kallar á ýmsar framkvæmdir sem aftur auka eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði fyrir vaxandi vinnumarkað í mannvirkjagerð. Í kafla 4 er farið ítarlega yfir vöxt vinnumarkaðarins undanfarið. Þessi kafli lýsir þeim áhrifum í stærra samhengi og heimfærir á húsnæðiseftirspurn auk þess sem rýnt er í það hvað stýri ákvarðanatöku þegar húsnæði er nýtt fyrir gistiþjónustu.

5.1.1 Staðbundnar breytingar á íbúafjölda

Umhverfis- og skipulagssvið hefur tekið saman tölur yfir fjölda íbúa á hverja íbúð í Reykjavík í heild og einnig fyrir svæðin innan Hringbrautar. Þar má sjá einhver merki þess að íbúum sé að fækka miðað við fjölda íbúða meðan sá fjöldi er nokkuð stöðugur í borginni í heild. Sér í lagi má sjá breytingar frá árinu 2013 þegar segja má að umræðan um heimagistingu fari á flug. Styður það við þá tilgátu að ferðaþjónustan sé að ýta íbúum á brott. Fækkun íbúa nemur á þessu tímabili frá 2013 nemur um 500 manns eða 3,7% íbúafjöldans og samsvarar u.þ.b. 250-300 íbúðum.



Mynd 8 Heimild: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Þegar hverfin eru skoðuð nánar má sjá að fækkun íbúa í Austurbænum en að íbúafjöldi standi í stað í Vesturbænum sem einnig kemur heim og saman við staðsetningu og eftirspurn eftir gistingu. Áhrifin eru með öðrum orðum mjög staðbundin. Fækkun erlendra


ríkisborgara í Austurbænum kann að vera annað merki um þá ásókn sem er í að breyta íbúðarhúsnæði í gististaði.

Fjölgun erlendra ríkisborgara er þáttur í vexti allra hverfa borgarinnar. Mestra áhrifa gætir í Efra-Breiðholti þótt hlutfallslega sé vöxtur í hlutfalli erlendra ríkisborgara mest á Kjalarnesi en fjöldinn ekki veigamikill. Önnur hverfi þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara vex örar en í borginni allri eru: Árbær, Bakkar, Hlíðar og Seljahverfi. Hverfin þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara vex hægar en í borginni í heild eru Laugarnes og Austurbær þar sem hlutfall þeirra lækkar í heildina og eru það einu hverfin það sem það gerist. Önnur hverfi með hægari vöxt í hlutfalli erlendra ríkisborgara þótt heildarhlutfall aukist eru Grafarholt vestra, Heimar-Vogar, Norðurmýri og Háaleiti.

5.1.2 *Mannfjöldaþróun í borginni allri*

Viðvarandi fjölgun hefur verið á íbúum borgarinnar undanfarin ár ef frá eru talin árin 2010 og 2012. Fækkun varð þá á íbúum Reykjavíkur, að líkindum í tengslum við efnahagsástand þeirra ára. Það sem má lesa út úr þróuninni síðustu 15 ár er að vöxturinn er drifinn áfram af innflytjendum og að þær breytingar eru mjög tengdar þróun á vinnumarkaði.

Alls fjölgaði íbúum um 10.900 frá 2001 og var hlutur erlendra ríkisborgara 11.100 manns. Íslenskum ríkisborgurum fækkar í reynd. Erlendir ríkisborgarar drífa áfram vöxtinn í íbúafjölda með áberandi hætti 2008, 2009 og 2016 en eru jafnframt þeir sem mest áhrif hafa á fækkun íbúa 2010 og 2012. Erlendum ríkisborgurum fjölgar eða fækkar eftir atvikum þessi ár um meira en heildarbreyting íbúafjöldans segir til um.



Mynd 9 Heimild: Hagstofa Ísland/Árbók Reykjavíkur

Tölur um fjölda erlendra Ríkisborgara ná aftur til ársins 1998. Má þar sjá hvernig íbúafjöldinn breytist í samræmi við efnahagsástand. Í töflunni að neðan má sjá hvernig fjölgunin breytist á 6 ára tímabilum frá 1998 til dagsins í dag. Nettó innflutningur tekur kipp með miklum efnahagsvexti á árabilinu 2004-10 en heildarfjölgun íbúa er fer minnkandi.

	Erlendir ríkisborgarar	Íbúar alls
1998-2004	3.050	6.535
2004-2010	6.762	5.038
2010-2016	3.053	4.134

Breytingar á fjölda íbúa Reykjavíkur
Heimild: Árbók Reykjavíkur / Hagstofa Íslands.

5.2 Áhrif deilihagkerfis á húsnæðisframboð

Á álagstímum er nýtingarhlutfall á hótelherbergjum nú yfir 90% á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla eftirspurn eftir gistirými hefur leitt af sér stóraukna skráningu á íbúðum og herbergjum til útleigu á vefsíðum á borð við Airbnb. Árið 2010 voru einungis 3 eignir skráðar á vef Airbnb til útleigu en sumarið 2016 hafði þeim fjölgað þúsundfalt og voru þá um 3 þúsund gistirými í Reykjavík skráð til útleigu á vef Airbnb[7]. Þrátt fyrir margfalt aukið framboð í gegnum deilihagkerfið hefur nýtingarhlutfall hótelherbergja yfir sumarmánuðina aukist á milli ára frá árinu 2010[8].

Í júlí árið 2016 var 1 af hverjum 23 íbúðum í Reykjavík í útleigu til ferðamanna, sem samsvarar um 4,4% íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Jafnframt eru 12,5% íbúða miðsvæðis í Reykjavík leigðar út í gegnum vefinn Airbnb[9]. Gera má ráð fyrir því að hlutföllin hafi aukist nokkuð síðustu ár þar sem framboð af nýju íbúðarhúsnæði hefur verið takmarkað og þá sérstaklega miðsvæðis í Reykjavík.


Niðurstaða greiningar Analytica á framboði gististaða sem auglýstir eru á Airbnb bendir til að á liðnu ári hafi 1621 staður verið í útleigu að jafnaði. Til samanburðar eru skráðar heimagistingar (flokkur I) á höfuðborgasvæðinu 210 talsins. Ekki er ljóst hversu mörg rúm eru í notkun en framboð rúma út frá stærð eignanna bendir til að framboðið geti verið um 3.800-4.200 rúm þar sem flestir staðir eru heilar íbúðir með einu eða fleiru herbergjum og þá 1-2 rúmum í hverju herbergi. Mögulegar gistinætur á þessum stöðum liggja þá á bilinu 1.387.000-1.533.000 á árinu.

Gera má ráð fyrir að öll heimagisting sem skráð er, sem og stór hluti minni gistiheimila og íbúðargistingar nýti sér þjónustu síðunnar til að markaðssetja sig. Á höfuðborgarsvæðinu um að ræða meira en 400 gististaði sem eru í flokki I eða II. Eftir standa um 1.200 gististaðir sem geta boðið um 1,1 milljón gistinátta.

Heildarfjöldi gistinátta erlendra ferðamanna skv. gögnum Hagstofu var um 6,5 milljónir árið 2015 og þar af voru gistinætur í sk. íbúðargistingu 482 þúsund og á farfuglaheimilum 439 þúsund. Skráðar gistinætur skv. gögnum Hagstofu segja ekki alla söguna þar sem gistinætur í gegnum m.a. deilihagkerfið eru ekki skráðar og því eru þær upplýsingar ekki auðfáanlegar.

Kannanir Ferðamálastofu gefa til kynna að meðaldvöl hvers ferðamanns sé um 7,6 dagar. Út frá þeim upplýsingum má áætla hver heildarfjöldi gistinátta er á hverju ári, þ.e. með óskráðum gistinóttum.

[7] http://www.airdna.com
[8] Skv. gögnum Hagstofunnar.
[9] Skýrsla Íslandsbanka: Íslenskur íbúðamarkaður.



Mynd 10 Áætluð skipting heildarfjölda gistinátta erlendra ferðamanna á Íslandi.

Mynd 10 sýnir þróun á hlutfallslegri skiptingu heildarfjölda gistinátta erlendra ferðamanna. Á árinu 2010 er hlutur hótela um 30% af heildarfjölda gistinátta en er um 26% árið 2015. Eins og fram hefur komið hefur aukning á nýtingarhlutfalli hótelherbergja þó aukist á tímabilinu en deilihagkerfið virðist anna umframeftirspurn og því líklega ekki dregið afgerandi á hlut hótela. Minnkandi hlutur hótela af heildarfjölda gistinátta stafar af heildaraukningu fjölda ferðamanna þar sem framboðsaukning hótelherbergja heldur ekki í við eftirspurn eftir gistirými. Óskráð gistirými getur átt við húsnæði í einkaeigu þ. á m. Airbnb, gistingu hjá vinum og ættingjum og gistingu á tjaldsvæðum en skráning þar virðist ófullkomin. Skv. könnunum Ferðamálastofu virðist reyndar mjög stór hluti þeirra sem hingað koma gista á tjaldsvæðum og virðist mega rekja um fjórðung gistinátta erlendra ferðamanna til tjaldsvæða. Hins vegar gætu um 10% gistinátta á landinu öllu hafa verið í svokallaðri. Airbnb gistingu m.v. könnun frá sumrinu 2014.

Ef reiknað er með að 10% gistinátta á landinu séu í heimagistingu eru það um 900.000 gistinátta á árinu 2016 en þær eru taldar hafa verið 9 milljónir skv. skráningu Hagstofunnar á gistinóttum á árinu 2015 og þekktri fjölgun ferðamanna á árinu 2016. Þessi niðurstaða kemur nokkurn veginn heim og saman við greininguna að ofan þar sem slegið var á að gististaðir í deilihagkerfinu gætu mætt þörf fyrir 1,1 milljón gistinátta.

Ef það er svo að um 40% gistinátta séu vantaldar í opinberum skráningum vantar í reynd að gera grein fyrir 6,1 milljón gistinátta og þær eru í reynd 15,2 milljónir talsins á landsvísu árið 2016. Það er þó vel hægt að reikna með að stór hluti þessara nátta séu utan höfuðborgarsvæðisins t.d. í gistingu í tjaldi eða húsbíl.

Við framangreinda umfjöllun má bæta að tölfræðigreining Analytica bendir til að til skemmri tíma rati þrír af hverjum fjórum nýjum ferðamönnum til landsins í hótelgistingu en til lengri tíma stefni þetta hlutfall á tæplega helming. Sú niðurstaða virðist ekki ríma illa við niðurstöðu kannana Ferðamálastofu.

5.2.1 *Ábati af útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna*

Fjölgun erlendra ferðamanna hefur haft neikvæð áhrif á framboð húsnæðis til útleigu almennum leigumarkaði þar sem fórnarkostnaðurinn hefur hækkað talsvert síðustu ár. Áætlað er nú að 80-90% af gistirýmum sem eru til útleigu hafi ekki tilskilin rekstrarleyfi[10].

Algengasta tegund íbúðarhúsnæðis til útleigu á vefnum Airbnb er eins herbergja íbúð[11]. Leiða má út ábata af útleigu í gegnum Airbnb sem mismun í fjölda gistanótt sem þarf til að greiða allan rekstrarkostnað fyrir íbúðarhúsnæði í útleigu á Airbnb og íbúðarhúsnæði í útleigu á almennum leigumarkaði.

1 herbergja íbúð í fjölbýli		
Markaðsvirði fasteignar	26,000,000	kr.
Veðhlutfall	80%	
Lán 1	16,099,200	kr.
Lán 2	4,700,800	kr.
Meðalvextir	6.8%	
Upphæð láns	20,800,000	kr.
Tekjur		
Verð á gistinótt	130	USD
USD/ISK	110	kr.
Verð á gistinótt	14,300	kr.
Gjöld		
Gjald tekið fyrir þrif	5,500	kr.
Umsýslukostnaður sem hlutfall af tekjum	20%	
Árlegur almennur rekstrarkostnaður		
Væntar leigutekjur á mánuði á leigumarkaði	180,000	kr.
Hússjóður	312,000	kr.
Viðhald & tryggingar	260,000	kr.
Fasteignagjöld		
… Atvinnuhúsnæði	429,000	kr.
… Íbúðahúsnæði	52,000	kr.

Tafla 1: Forsendur um tekjur og gjöld vegna útleigu á Airbnb.

Út frá ofangreindum forsendum má áætla hver ábati af útleigu slíkrar íbúðar til ferðamanna er miðað við útleigu á almennum leigumarkaði. Miðað er við eins herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Við öflun rekstrarleyfis kemur til aukinn kostnaður vegna fasteignagjalda þar sem íbúðin fellur undir það að vera atvinnuhúsnæði. Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis í Reykjavík eru 1,6% á meðan fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis eru 0,2%. Eins og sést í töflu 1 þá er talsverður munur á árlegum kostnaði eftir því hvort eignin sé flokkuð sem atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ef litið er á fjölda gistinátta sem þarf til að vega upp á móti tilfallandi árlegum kostnaði þá er hægt að bera saman fýsileika þess að leigja út eins herbergja íbúð á Airbnb miðað við útleigu á almennum leigumarkaði.

	Airbnb		
	Rekstrarleyfi	Óskráð gisting	**Leigumarkaður**
Gistinætur	201	170	344

Tafla 2: Fjöldi gistinátta sem þarf til að vega upp á móti árlegum kostnaði.

[10] Skýrsla Háskólans á Bifröst: Íbúðagisting – Rannsókn á umfangi íbúðagistingar í ferðaþjónustu.
[11] Aðkeypt skýrsla frá airdna.co.

Í ofangreindri töflu sést að það þarf 170 gistinætur í útleigu í gegnum Airbnb til að vega upp á móti tilfallandi árlegum kostnaði. Jafnframt þurfa gistinætur að vera 201 ef viðkomandi er með rekstrarleyfi. Hins vegar þarf íbúðin að vera í útleigu í um 344 daga á ári m.v. væntar leigutekjur á mánuði. Ávinningurinn af því að leigja út íbúð í gegnum Airbnb virðist vera talsverður af því gefnu að nýtingahlutfall sé yfir 71% og þá sérstaklega þegar um óskráð gistirými er um að ræða. Leiguverð þyrfti að hækka um 100% til að standa á pari við óskráða gistingu í gegnum Airbnb miðað við þetta tiltekna dæmi en aftur á móti er óvissa um útleiguhlutfall aðila sem bjóða íbúð sína til leigu á Airbnb.

5.2.2 *Fjöldi gistinátta sem þarf til að vega upp fórnarkostnað.*

Til að ná utan á umfangi skráðra íbúða á Airbnb eftir hverfum voru upplýsingar sóttar af vef Expectus sem hefur að geyma yfirlit yfir allar íbúðir skráðar í apríl árið 2016. Í töflunni hér að neðan eru útlistaður fjöldi íbúða í hverju hverfi. Herbergi eða heimagisting er ekki hlutir af fjöldanum sem birtist í töflunni að neðan heldur er einungis um að ræða íbúðir til leigu.

	Verð á nótt (ISK) eftir fjölda gesta			
	1 - 3	4 - 5	6 +	Fjöldi íbúða
Miðborg	10,966	14,149	26,836	929
Vesturbær	10,510	13,704	22,692	556
Laugardalur	9,478	11,476	20,192	351
Hlíðar	10,309	11,676	24,332	363
Háaleiti	8,766	10,321	19,162	120
Grafarvogur	7,638	23,668	17,475	67
Breiðholt	8,231	11,235	14,119	78
Árbær	7,006	11,547	31,486	39
Norðlingaholt	7,000	12,524	24,521	19

Tafla 2: Verð fyrir hverja nótt í íslenskum krónum ásamt fjölda íbúða skipt á svæði í Reykjavík í apríl 2016[12].

Samkvæmt tölum Þjóðskrár um mánaðarleigu í apríl árið 2016 út frá þinglýstum leigusamningum þá er mánaðarleiga eins herbergja íbúðar í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar um 153 þúsund krónur. Það er talsvert lægri leiga en myndi fást fyrir sambærilega íbúð í 101 Reykjavík, þar sem leigan er a.m.k. 180 þús. krónur m.v. auglýst leiguhúsnæði[13]. Það er því talsverður þrýstingur á leiguverði í 101 Reykjavík.

Sé miðað við fulla nýtingu á gistidögum skv. heimildum laga um heimagistingu eru flestar íbúðargerðir í miðborginni, þar sem verð er að jafnaði hæst, undir þeim tekjumörkum sem gefin eru upp. Það eru helst stærstu eignirnar, fyrir 6 eða fleiri gesti, sem myndu ná tveggja milljón króna markinu miðað við 90 daga nýtingu.

	Fjöldi gistinátta		
	1 Herb	2 Herb.	3 Herb.
Reykjavík, vestan kringlumýrarbrautar og Seltjarnarnes	172	158	88
Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar	176	156	117
Grafarvogur, Grafarholt, Árbær, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur	211	99	88
Breiðholt	190	169	187

Tafla 3: Fjöldi gistinátta sem þarf til að vega upp fórnarkostnað.

[12] Upplýsingar fengnar af vefsíðu Expectus um íbúðir skráðar á Airbnb.
[13] http://www.leiga.is

Eins og sést í töflu 3 þá er almennt hagkvæmast að vera með þriggja herbergja íbúð á leigu í gegnum Airbnb. Fyrir þriggja herbergja íbúð í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnaness þarf útleigu í gegnum deilihagkerfi í 88 daga til að tekjurnar standi jafnt við þær tekjur sem fást við útleigu á almennum markaði í heilt ár. Við útleigu eins herbergja íbúða á Airbnb í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarness þarf 172 gistinætur til að vega upp fórnarkostnaðinn.

Í borginni San Francisco í Bandaríkjunum eru einungis um 0.09% af öllu húsnæði í borginni skráð á vef Airbnb í júní árið 2015. Að meðaltali tekur um 211 daga að vega upp fórnarkostnað fyrir allar tegundir íbúða í bandarísku borginni. Til samanburðar eru um 4,4% af öllu íbúðarhúsnæði í Reykjavík skráð á vef Airbnb í júlí árið 2016.

Þá er vert að nefna að ásetningur þess sem starfrækir heimagistingu eða leigir út íbúð til ferðamanna þarf ekki að vera að reka fasteignina að öllu leyti sem gististað. Fyrir marga er aðallega um aukatekjur af eigin heimili að ræða. Áhrifin af slíku fyrirkomulagi gerir búsetu í miðborginni og nágrenni hennar því auðsóttari fyrir þá sem geta „niðurgreitt“ eigin húsnæðiskostnað með aukatekjum af því að leigja fasteignina út þegar það hentar.

5.3 Ný lög um útleigu gistirýma

5.3.1 Efni lagabreytinganna

Samkvæmt nýjum lögum sem taka gildi árið 2017 er einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki heimilt að leigja út lögheimili sín gegn endurgjaldi.

Með lögunum er aðilum heimilt að leigja út samþykkt íbúðarhúsnæði, gistirými eða orlofshús í samtals 90 daga á ári hverju og jafnframt mega tekjur af starfseminni ekki vera hærri en tvær milljónir kr. á ári.

Starfsemin er skráningarskyld og er starfsemin einnig starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Endurnýja þarf skráningu árlega og afhenda sýslumanni yfirlit yfir þá daga sem gistirými var leigt út ásamt tekjum af starfseminni.

Heimagisting er þá endurskilgreind og verður ekki leyfisskyldur rekstur en er skráningarskyldur. Áður útgefin leyfi munu þó halda gildi sínu og kunna að verða endurnýjuð. Breytingarnar fela í sér að skorðum rekstrarins verður breytt. Eftir sem áður skal fasteignin hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

Hverjum einstaklingi er þá heimilt að leigja út sitt eigið lögheimili og eina aðra fasteign í hans eigu. Heildarleigutími fasteignanna má ekki fara yfir 90 daga árlega og einnig gilda tekjumörkin 2 milljónir króna fyrir þær eignir samanlagt. Þessar skorður setja mjög skýr mörk fyrir framboði gistinátta sem hver viðbótareign getur skapað.

Um aðildarhæfi vísar stefnandi til 3. mgr. 71. gr. laga um fjöleignarhús. Málið sé höfðað til viðurkenningar á meintum brotum stefndu á ákvæðum laga um fjöleignarhús, samþykktum stefnanda og húsreglum. Það sé eitt af hlutverkum stefnanda að sjá til þess að félagsmenn fylgi þeim reglum. Stefnandi hafi tekið ákvörðun um málshöfðun á löglega boðuðum húsfundi. Hann sé því með réttu aðili til sóknar að málinu. Einstakar húsfélagsdeildir njóti ekki aðildarhæfis. Því sé stefnandi einnig réttur aðili að fyrstu og annarri þrautavarakröfu í málinu.

Stefnandi kveður skyldu til að afla samþykkis fyrir breytingu á hagnýtingu séreignar hvíla á eigendum séreignarhlutanna, þ.e. félagsmönnum í stefnanda, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga um fjöleignarhús. Stefndu sé því réttilega stefnt til varnar í málinu og skipti þá engu þótt starfsemi sú sem rekin er í séreignarhlutunum fari fram innan einkahlutafélags þeirra.

Þá telur stefnandi ótvírætt hagræði fólgið í því að leita úrlausnar dómstóla um allar þrjár íbúðir stefndu í einu lagi. Því sé stefndu stefnt til að þola dóm í einu lagi um íbúðirnar þrjár á grundvelli 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, enda megi rekja dómkröfur stefnanda á hendur þeim til sömu aðstöðu. Stefndu sé stefnt sameiginlega til að þola dómkröfur um íbúð nr. 302 að Vatnsstíg 19 á grundvelli 18. gr. laga nr. 91/1991, enda séu þau sameigendur íbúðarinnar.

Aðrar kröfur

Um kröfu um málskostnað er vísað til 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en um varnarþing til 32. gr., 34. gr. og 1. mgr. 42. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu kveða óumdeilt að sala gistingar í íbúðum falli undir lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, og reglugerð nr. 585/2007, sem sett er á grundvelli þeirra laga. Af þeirri ástæðu hafi þau sótt um rekstrarleyfi fyrir gistiþjónustu í íbúðum sínum. Um sé að ræða útleigu til skamms tíma þar sem lágmarks gistináttafjöldi er þrjár nætur. Þau vísa til þess að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 eru gististaðir taldir þeir staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum með eða án veitinga. Gististaðir eru síðan flokkaðir í 3. mgr. sömu greinar. Rekstrarleyfi fyrir íbúðir stefndu að Vatnsstíg 15 og 21 hafi af hálfu leyfisveitanda verið talin falla undir flokk II: „Gististaður án veitinga“. Leyfisbréf fyrir Vatnsstíg 19 tilgreini hins vegar flokk I sem er „Heimagisting“. Við veitingu rekstrarleyfa sem þessara byggi leyfisveitendur nú á mati kærunefndar húsamála um það hvort samþykki annarra eigenda hússins þurfi til að gefa megi út slík leyfi að öðrum skilyrðum uppfylltum. Sama eigi við um faglega umsagnaraðila, s.s. byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit.

Stefndu andmæla því að hagnýtingu séreignarhluta þeirra hafi verið breytt frá því sem fyrirhugað var, þ.e. að þær séu ætlaðar til íbúðar en ekki til atvinnurekstrar. Íbúðirnar séu í engu breyttar frá upphaflega samþykktum teikningum og ekki standi til að óska eftir neinum breytingum á þeim. Þær séu þannig áfram ætlaðar eingöngu til íbúðar. Í ljósi þess að öll tilskilin rekstrarleyfi eru fyrir hendi af hálfu stefndu sé alfarið mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að útleiga stefndu á séreignum sínum sé ólögmæt. Þá er bent á að samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 tilheyri Vatnsstígur svæði merktu M1c, en samkvæmt landnotkunarskilmálum svæðisins sé heimilt að leigja ferðamönnum íbúðarhúsnæði.

Lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús

Stefndu andmæla þeim skilningi að samkvæmt 27. gr. laga nr. 26/1994 beri eiganda séreignarhluta undantekningarlaust að afla samþykkis annarra félagsmanna í húsfélaginu fyrir breytingu á hagnýtingu séreignarhluta. Þau benda á að það eitt að íbúðargisting af þessu tagi teljist leyfisskyld feli ekki sjálfkrafa í sér að um sé að ræða breytta hagnýtingu eignarinnar þannig að henni fylgi röskun á lögmætum hagsmunum annarra íbúa hússins. Því þurfi, eins og kærunefnd fjöleignarhúsamála hafi bent á, að skoða hvert mál fyrir sig. Allt þetta hafi lögmanni stefnanda verið ljóst þegar hann á húsfundi 9. febrúar 2011 upplýsti fundarmenn um að: „Að hans áliti væri útleiga af þessu tagi ekki í trássi við gildandi landslög eða reglur húsfélagsins.“ Hins vegar gæti brot á húsreglum varðandi ónæði leitt til afskipta húsfélagins og kröfugerðar um að starfseminni yrði hætt.

Sú atvinnustarfsemi sem 27. gr. laga nr. 26/1994 eigi við og ætlað sé að girða fyrir séu af allt öðrum toga en það deiluefni sem hér er til meðferðar. Lögunum sé augljóslega ætlað að girða fyrir ýmiss konar atvinnurekstur þar sem íbúðum er breytt til að þær geti þjónað þeirri atvinnustarfsemi sem um ræðir hverju sinni, t.d. bílaviðgerðaverkstæði, sólbaðsstofur, hárgreiðslustofur, verslanir o. fl. Þetta skýri það orðalag greinarinnar að breyting á hagnýtingu þurfi að hafa í för með sér „verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi“ en áður var en þá þurfi samþykki allra fyrir henni en einfalt meirihluta

samþykki þurfi ef breytingin er ekki veruleg. Telja stefndu ummæli í athugasemdum í greinargerð með fjöleignarhúsalögum jafnframt styðja þessa skýringu.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 26/1994 hafi eigandi sömu heimildir til að ráðstafa eign sinni í heild, m.a. með leigu, og eigandi fasteignar hafi almennt að lögum. Þá hafi eigandi einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greinir í lögunum eða öðrum lögum sem leiðir af óskráðum grenndarreglum eða eðli máls eða byggjast á löglegum ákvörðunum og samþykktum húsfélagsins, sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Stefndu kveða mál þetta því snúast um það annars vegar hversu víðtækan rétt þau hafi til hagnýtingar eigna sinna með eðlilegum hætti, sbr. 20. gr. og 26. gr. laga nr. 26/1994, m. a. með hliðsjón af stjórnarskrárvörðum rétti þeirra, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 33/1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og hins vegar hvort eða hversu miklar takmarkanir 27. gr. fjöleignarhúsalaga leggi við breytingum á hagnýtingu séreignar.

Stefndu benda jafnframt á að kærunefnd fjöleignarhúsamála hafi í tugum álitsgerða dregið þessi mörk við ýmsar aðstæður. Niðurstaða nefndarinnar hafi í öllum málum nema einu verið sú að ætla íbúðareigendum rúman rétt til hagnýtingar eigna sinna. Vísa stefndu í þessu sambandi til álits kærunefndar í málinu nr. 51/2012 sem aðilar þessa máls ráku fyrir nefndinni. Þá vísa þau til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 505/2004, en af þeim dómi megi sjá að það sem ráði úrslitum um hvort leita þurfi samþykkis meðeiganda í húsi samkvæmt 27. gr. laga um fjöleignarhús sé hvort hin breytta hagnýting raski lögmætum hagsmunum annarra eigenda. Stefndu telja þetta kjarna máls þessa. Það sé stefnanda að sanna að breytt hagnýting á séreignum stefndu raski hagsmunum þeirra eins og haldið er fram. Sú sönnun hafi ekki tekist að mati stefndu.

Samþykktir stefnanda og húsreglur

Stefndu kveða hvorki samþykktir fyrir stefnanda frá 23. mars 2006 né húsreglur frá 16. mars 2006 útiloka atvinnustarfsemi í húsinu. Einu takmarkanirnar sem þær leggi við slíkri hagnýtingu séu að atvinnustarfsemin valdi ekki ónæði. Í reglunum komi fram að ef atvinnustarfsemi getur valdið ónæði skuli fá samþykki húsfundar. Samþykktir stefnanda og húsreglur séu því í fullu samræmi við 27. gr. laga nr. 26/1994. Húsreglurnar og húsfélagssamþykktir séu að öðru leyti almenns eðlis um skyldur íbúa til að taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til annarra eigenda við hagnýtingu og umgengni við húsið. Í því felist m.a. að ganga hljóðlega um og raska ekki að óþörfu friði og ró í húsinu. Stefndu telja hvorki húsfélagssamþykktir né húsreglur hafa verið brotnar með útleigu á íbúðum þeirra enda hafi notkuninni ekki fylgt ónæði eða óhagræði fyrir aðra íbúa hússins. Þau telja stefnanda bera sönnunarbyrði fyrir því að húsreglur og samþykktir hafi verið brotnar, sönnun þar um hafi ekki tekist. Umgengni í íbúðum stefndu sé í engu frábrugðin því sem vænta megi í venjulegu fjölbýlishúsi þar sem saman búa venjulegar fjölskyldur með börn, fjölskyldur sem stunda margbreytileg störf sem eftir atvikum er sinnt á mismunandi tímum. Þá er því andmælt að reglur og samþykktir stefnanda leggi sérstakar skyldur á stefndu til að afla samþykkis félagsmanna fyrir hagnýtingu eignarhluta sinna umfram það sem túlka megi af lögum um fjöleignarhús, enda sé enga stoð að finna í lögum, reglum eða samþykktum sem styðji þá málsástæðu.

Meginreglur nábýlisréttar

Stefndu benda á að í máli kærunefndar nr. 38/2009 sé vísað í umfjöllun um 27. gr. laga nr. 26/1994 þar sem komið er inn á þær skorður sem athafnafrelsi eigenda eru settar til að breyta hagnýtingu séreignar á grundvelli reglna nábýlisréttar. Þannig geti eigandi hagnýtt sér eign sína á hvern þann hátt sem honum sýnist, að því gefnu að hagsmunir annarra eigenda af því að fái notið eigna sinna í friði, án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var ráðgert og þeir máttu reikna með, séu ekki skertir.

Að mati stefndu fari sú hagnýting, að leigja séreignarhluta sína til ferðamanna, ekki yfir þau þolmörk sem reglur nábýlisréttarins setja. Aðrir eigendur verði samkvæmt þessum reglum að umlíða venjulegar athafnir og ónæði sem fylgja eðlilegu nábýli. Reglur nábýlisréttarins setji ekki sérstakar takmarkanir á hagnýtingu sem ekki valdi ónæði umfram það sem eðlilegt má teljast miðað við staðsetningu fasteignar og heimila notkun hennar. Ekki sé unnt að byggja mörkin á óvenjulegri viðkvæmni annarra eins og virðist vera raunin samkvæmt málatilbúnaði stefnanda.

Málsástæður stefnanda sem lúta að nábýlisrétti séu í fimm liðum.

Í fyrsta lagi telji stefnandi að eðlisbreyting felist á búsetu og sambýli með þessari nýtingu, sem að framan er rakið. Stefndu benda á að íbúðir í fjölbýlishúsum gangi kaupum og sölum. Því sé ekki möguleiki á að tryggja sér nágranna í fjölbýlishúsi hverju sinni. Öryggi og festa í fjölbýlishúsi ráðist fyrst og fremst af því að allir íbúar sem og gestir þeirri fari að lögum og reglum. Telja stefndu þessa málsástæðu stefnanda því haldlausa með öllu.

Í öðru lagi staðhæfi stefnandi að ónæði vegna mikil umgangs og hávaða fylgi tíðum ferðum gesta úr og í íbúðir jafnvel um miðjar nætur. Stefndu benda á að ónæði sem stefnandi lýsi virðist einkum felast í því að margir leigjenda séu á fótum snemma morguns og að þeir séu að koma og fara á ýmsum tímum. Þá virðist leigjendur hafa vikið sér að öðrum íbúum hússins á förnum vegi og jafnvel leitað ráða hjá þeim og upplýsinga. Þessi málsástæða virðist vera byggð á ótta við ónæði frekar en staðreyndum um að aukið ónæði sé raunverulega til staðar. Þannig sé hvergi minnst á hið hefðbundna umkvörtunarefni í fjölbýlishúsum, þ.e. gleðskap, háreysti og söng fram eftir nóttu, reykingar á svölum, hringingar á bjöllum í leit að samkvæmi. Þá sé hvergi minnst á að þetta sé raunverulegt vandamál heldur segi í stefnu að „eðli máls samkvæmt fylgi því mikill umgangur og hávaði“. Þá er ætluðu ónæði lýst sem háreisti og gleðskap sem oftar en ekki sé fylgifiskur ferðalanga. Ekkert af þessu sé hins vegar í samræmi við raunveruleikann. Því til áréttingar er bent á fundargerð húsfélagsdeildarinnar frá 6. febrúar 2012 þar sem segir : „Ekki virðast hafa orðið nein vandræði vegna útleigu 101.“

Í húsi nr. 19 hafi það viljað til að fiktað hafi verið í brunavarnarkerfi og brunaboði verið brotinn. Þar hafi verið um að ræða einstaka tilvik sem hefði geta hent alla, bæði eigendur og leigjendur séreignarhlutans. Þá liggi ekkert fyrir um það hver gerði þetta. Samkvæmt reglum nábýlisréttar þurfi óþægindi að vera endurtekin eða viðvarandi til þess að unnt sé að byggja á þeim rétt. Hið sama hljóti að eiga við 27. gr. fjöleignarhúsalaga.

Stefndu vísa til þess að húsin við Vatnsstíg séu með vönduðustu og dýrustu byggingum á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega hafi verið vandað til hljóðeinangrunar og megi fullyrða að það þurfi mikið til þess að hljóð heyrist á milli hæða, hvað þá milli margra hæða eins og oft sé raunin í venjulegum fjölbýlishúsum. Í húsunum séu aðeins tvær íbúðir á hverjum stigapalli. Gestir sem nýti íbúðir stefndu hafi ekki aðgang að bílageymslu hússins en séu þeir á bíl þá séu næg stæði á

sameiginlegu bílastæði húsanna. Að mati stefndu er alls ósannað að slíkt ónæði, hávaði eða önnur röskun hafi stafað af hagnýtingu stefndu á íbúðum sínum að það teljist hafa raskað hagsmunum annarra eigenda hússins.

Í þriðja lagi byggi stefnandi á því að umgengis- og húsreglum verði aldrei fylgt eftir með sama hætti gagnvart gestum stefndu eins og öðrum íbúum hússins. Þessu andmæla stefndu og benda á að þau beri alla ábyrgð á því að umgengis- og húsreglum sé fylgt eftir. Komi til þess að þær séu brotnar af hálfu stefndu beri að taka á því samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús. Til þess hafi hins vegar ekki komið.

Það fyrirkomulag ríki við útleigu á íbúðum stefndu að gestum séu send tvö tölvuskeyti fyrir komu þeirra í íbúðirnar. Þar sé brýnt fyrir þeim að ganga hljóðlega um á göngum og í lyftu og taka tillit til nágranna því íbúðirnar séu í fjölbýlishúsi þar sem fjöldi annarra býr. Gestum sé uppálagt að hafa samband við leigusala beint, annað hvort í síma eða með netpósti, ef þá vanhagar um eitthvað eða þarfnast skýringa. Greinargóðar upplýsingar um efni umgengis- og húsreglna séu í íbúðunum. Stefndu telja að stefnanda hafi ekki tekist sönnun þess að efni húsreglna og húsfélagssamþykkta hafi verið kynnt gestum með lakari hætti en öðrum íbúum hússins. Eðli málsins samkvæmt sé aldrei hægt að tryggja fullkomlega að allir þeir sem búa í íbúðum fjöleignarhúss, hvort sem um er að ræða eigendur eða leigjendur, fari eftir umgengnisreglum húsfélags. Það sé hins vegar á ábyrgð eigenda að sjá til þess að reglum þessum sé fylgt og hafi ekki verið sýnt fram á að svo hafi ekki verið.

Í fjórða lagi haldi stefnandi því fram að hagnýting stefndu á íbúðum þeirra hafi leitt af sér verulega skerðingu á öryggi annarra íbúa hússins. Stefndu árétta að þau beri ábyrgð á því að öllum reglum um öryggi hússins sé fylgt eftir. Það telji þau sig hafa gert. Ekki sé kunnugt um að þær reglur hafi verið brotnar og beri því að hafna þessari málsástæðu stefnenda. Ekkert hafi komið fram um að lyklar hafi týnst eða þeir lent í höndum óviðkomandi aðila.

Í fimmta lagi haldi stefnandi því fram að þessi breytta hagnýting stefndu feli í sér forsendubrest á því íbúamynstri sem kynnt hafi verið í upphafi og flestir eigendur hafi gengið að við kaup á íbúðum sínum. Svo virðist sem stefnandi byggi á því í þessu sambandi að einstaka íbúar hafi ætlað sér að búa áfram í einbýlishúsi, í það minnsta að það væri sem líkast því og það með ærnum kostnaði, en lent í þess stað í fjölbýlishúsi.

Stefndi bendir á að íbúðir í fjölbýlishúsum gangi kaupum og sölu eins og gengur og gerist. Þannig geti enginn sett sig upp á móti því að í stórar íbúðir í húsinu flytjist stórar fjölskyldur. Þá sé ekkert sem komi í veg fyrir að allar íbúðir hússins verði keyptar til þess að leigja þær út til lengri eða skemmri tíma með leigusamningi. Það geti ekki verið forsendubrestur að nágrannar í húsinu séu öðruvísi en einstaka eigendur höfðu væntingar til. Þess séu dæmi að búseta fjölbýlishúsa sé ekki heimil yngra fólki en 65 ára. Slíkt er heimilt enda sé kvöð sem þessari þinglýst á eignina. Slíkar kvaðir hafa þó jafnan í för með sér þrengri kaupendahóp og þannig minni samkeppni um verð. Megi ætla að stefnendum hafi ekki hugnast slíkt enda séu engar slíkar kvaðir að finna á eigninni. Þessari málsástæðu er því hafnað af stefndu.

Jafnræðisregla

Stefndu vísa til þess að það er skipulagsyfirvalda að skilgreina leyfilega hagnýtingu eigna. Samkvæmt aðalskipulagi sé leyfilegt að leigja út íbúðarhúsnæði til ferðamanna á umræddum stað, en

þar komi fram að hlutfall íbúðarhúsnæðis skuli vera að lágmarki 40%. Þetta þýði að ef hagnýting fer yfir það hlutfall geti það leitt til þess að aðrir eigendur húsnæðis fái ekki að nýta eign sína á sama hátt án þess að talið sé að það brjóti gegn jafnræðisreglu. Ekki fái því staðist að taka stefnukröfur til greina út frá hugsanlegum umsóknum annarra eigenda hússins síðar meir. Á meðan lög eða aðrar reglur takmarka ekki rétt eiganda til hagnýtingar séreignar sinnar beri að líta á það sem aðalreglu að slík hagnýting sé heimil. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna málsástæðu stefnanda sem byggð er á jafnræðisreglu.

Um 2. mgr. 27. gr. fjöleignarhúsalaga

Stefndu telja túlkun stefnanda á 27. gr. laga nr. 26/1994 ekki vera í samræmi við það sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 505/2004. Það sé meginregla 26. gr. laga um fjöleignarhús að eigandi séreignarhluta hafi einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greint sé frá í lögunum sjálfum eða öðrum lögum, sem leiði af óskráðum grenndarreglum eða eðli máls eða byggist á löglegum ákvörðunum eða samþykktum húsfélagsins. Ákvæði 27. gr. feli í sér undantekningu frá þessari meginreglu.

Með 27. gr. laga um nr. 26/1994 sé eigendum í fjöleignarhúsi veitt víðtækari vernd en leiða megi af ólögfestum reglum nábýlisréttar. Í 1. mgr. lagagreinarinnar sé gert ráð fyrir því að breyting sem hefur í för með sér verulegt ónæði, röskun eða óþægindi krefjist samþykkis allra. Hins vegar sé ljóst af orðalagi ákvæðisins að það eigi aðeins við þegar breytingar á hagnýtingu fela í sér verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi frá því sem áður var og gengur og gerist í sambærilegum húsum. Í 3. mgr. 27. gr. sé sambærileg regla nema þar sé ekki gerð krafa um að ónæðið sé verulegt. Hins vegar leiði af ákvæðinu, líkt og eigi við um 1. mgr. 27. gr., að sanna þurfi að breyting hafi í för með sér aukið ónæði, óþægindi eða röskun. Hið sama eigi við um 4. mgr. 27. gr. þar sem gert sé ráð fyrir því að ef breyting á hagnýtingu hefur sérstök og veruleg óþægindi eða truflun í för með sér fyrir suma eigendur en ekki aðra þá hafi þeir sjálfstæðan rétt til þess að hafna breytingunni.

Stefndu byggja á því að ef ákvæðin eru lesin saman sé ljóst að 27. gr. taki aðeins til þeirra breytinga sem hafi í för með sér aukið ónæði, röskun eða óþægindi. Ef ekki er sýnt fram á að breytingin hafi slíka röskun í för með sér geti eigendur ekki sett sig upp á móti henni, sbr. 2. mgr. 27. gr. Með öðrum orðum, ef breytingin leiðir ekki til röskunar á lögmætum hagsmunum einhverra eigenda þá sé ekki skylt að afla samþykkis þeirra. Þetta þýði að ef breyting hefur ekki í för með sér meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eigendur eða afnotahafa en áður var og gengur og gerist í sambærilegum húsum, þá komi ekki til kasta annarra málsgreina ákvæðisins. Varðandi þessa lagatúlkun vísa stefndu til fyrrnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 505/2004 sem og álita kærunefndar húsamála.

Kröfugerð

Af hálfu stefndu er aðaldómkröfu stefnanda andmælt. H úsasamstæðan, Lindargata 31-33, Skúlagata 12 og Vatnsstígur 13-21 teljist eitt hús í skilningi laga nr. 26/1994 en undir þeim er sameiginleg bílageymsla. Þau hús sem mál þetta lýtur að þ.e. nr. 15, 19 og 21 við Vatnsstíg, séu hvert um sig það aðskilinn frá öðrum eignarhlutum að öllum skilyrðum teljist fullnægt til að um sameign sumra sé að ræða í skilningi 76. gr. fjöleignarhúsalaga. Þær einingar teljist því húsfélagsdeildir. Í því felist að eigendur þeirra ráði einir sameiginlegum innri málefnum sínum að því marki sem ekki fari í

bága við húsreglur, samþykktir húsfélagsins og lög og reglugerðir sem gilda á þessu sviði. Stefndu benda á að mismunandi aðstæður geta verið í hverri húsdeild fyrir sig sem haft gætu áhrif á mat í máli sem þessu. Með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um fjöleignarhús eigi mikill meirihluti eigenda í stefnanda ekki lögvarða hagsmuni af því að aðalkrafa stefnanda sé tekin til greina enda liggi ljóst fyrir að notkun á íbúðum stefndu í hverju húsi fyrir sig raski ekki á nokkurn hátt lögmætum hagsmunum allra eigenda hússins. Þá telja stefndu framangreindar röksemdir jafnframt eiga við um varakröfu, þrautavara- og þrautaþrautavarakröfu stefnanda.

Loks kveðast stefndu byggja málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu leitar stefnandi, Húsfélagið 101 Skuggahverfi I, viðurkenningardóms um skyldu til að afla samþykkis félagsmanna sinna við breytingu á hagnýtingu séreignar stefndu, Gróu Skæringsdóttur og Guðlaugs Rúnars Guðmundssonar, í íbúðum þeirra að Vatnsstíg 15, 19 og 21 í Reykjavík. Stefndu hafna því að í þeirri starfsemi sem þau reka í íbúðum sínum í fjöleignarhúsinu felist breyting á hagnýtingu séreignar í skilningi 27. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Þau telja sér jafnframt óskylt að leita samþykkis annarra eigenda hússins til starfseminnar. Þá greinir aðila á um hvernig túlka beri framangreinda lagagrein í þessu sambandi.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 26/1994 hefur eigandi einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greinir í lögunum eða öðrum lögum sem leiðir af óskráðum grenndarreglum eða eðli máls eða byggjast á löglegum ákvörðunum og samþykktum húsfélagsins. Ákvæði 27. gr. laganna lýtur að slíkum takmörkunum, en þar er fjallað um breytingar á hagnýtingu séreignar. Ákvæðið er svohljóðandi:

> *27. gr. Breytingar á hagnýtingu séreignar frá því sem verið hefur eða ráð var fyrir gert í upphafi, sem hafa í för með sér verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eigendur eða afnotahafa en áður var og gengur og gerist í sambærilegum húsum, eru háðar samþykki allra eigenda hússins.*
>
> *Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur eigandi ekki sett sig á móti slíkri breytingu ef sýnt er að hún hefur ekki í för með sér neina röskun á lögmætum hagsmunum hans.*
>
> *Sé um að ræða breytta hagnýtingu sem ekki er veruleg er nægilegt að samþykki einfalds meiri hluta miðað við fjölda og eignarhluta liggi fyrir.*
>
> *Ef breytt hagnýting eignarhluta hefur sérstök og veruleg óþægindi eða truflun í för með sér fyrir suma eigendur, einn eða fleiri, en aðra ekki þá eiga þeir sem sýnt geta fram á það sjálfstæðan rétt til að krefjast þess að af breytingunni verði ekki.*

Í athugasemdum við 27. gr. í frumvarpi til laga um fjöleignarhús kemur fram að með breytingum á hagnýtingu séreignar sé einkum átt við atvinnustarfsemi af ýmsum toga í húsnæði sem ætlað er til íbúðar. Stefndu reka leyfisskylda atvinnustarfsemi í íbúðunum sem um ræðir. Starfsemin felst í útleigu íbúðanna til ferðamanna til skamms tíma í senn og hafa stefndu stofnað einkahlutafélag um reksturinn. Þá kom fram hjá stefnda Guðlaugi við aðalmeðferð málsins að álagning fasteignagjalda miðist við að um atvinnuhúsnæði sé að ræða. Samkvæmt framangreindu er eignarhluti stefndu í fjöleignarhúsinu ekki lengur nýttur sem íbúðarhúsnæði, heldur sem atvinnuhúsnæði. Í því felst breyting

á hagnýtingu séreignar í skilningi 27. gr. laga nr. 26/1994, en í þeirri lagagrein er nánar kveðið á um reglur sem lúta að slíkum breytingum. Í athugasemdum í frumvarpi til laga um fjöleignarhús kemur fram að með ákvæðinu sé athafnafrelsi eiganda til breyttrar hagnýtingar séreignar settar frekari skorður en talið hafi verið að giltu á grundvelli óskráðra reglna nábýlisréttar (grenndarreglna). Er í því sambandi sérstaklega vísað til atvinnustarfsemi af ýmsum toga í húsnæði sem ætlað er til íbúðar. Þá segir að með ákvæðum greinarinnar séu hagsmunir annarra eigenda látnir vega þyngra, en án þess þó að bera fyrir borð hagsmuni eigandans. Megi segja að miðað við gildandi rétt séu höfð endaskipti því að réttur eiganda gagnvart sameigendum hafi verið ríkari og þeir lítið getað aðhafst nema ónæðið hafi keyrt um þverbak. Hafi eigandi almennt haft frjálsar hendur um að breyta hagnýtingunni, t.d. að hefja atvinnustarfsemi í íbúð, og ekki þurft að fá samþykki annarra eigenda fyrir því.

Samkvæmt skýru orðalagi 1. mgr. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 26/1994, og athugasemdum við þá grein í frumvarpi til fjöleignarhúsalaga, eru breytingar á hagnýtingu séreignar háðar samþykki annarra eigenda í fjöleignarhúsi, ýmist allra, ef breytingin telst veruleg, sbr. 1. mgr., eða einfalds meirihluta miðað við fjölda og eignarhluta, ef hún telst ekki veruleg, sbr. 3. mgr. Í greinargerð er áréttað að slíkar breytingar séu alltaf háðar samþykki annarra eigenda.

Í 2. mgr. lagagreinarinnar kemur fram undantekning frá þeirri reglu sem felst í 1. mgr., þannig að eigandi getur ekki sett sig á móti breytingu ef sýnt er að hún hefur ekki í för með sér neina röskun á lögmætum hagsmunum hans. Í greinargerð er rakið að með ákvæðinu sé komið til móts við eiganda sem óskar breytingar með því að hindra að aðrir eigendur synji um samþykki á ómálefnalegum grundvelli enda þótt um verulega breytingu sé að ræða. Af undantekningarreglunni leiðir að ákvörðun um breytingu samkvæmt 1. mgr., sem háð er samþykki allra eigenda, getur ekki ráðist af andstöðu þeirra sem ekki hafa lögmætra hagsmuna að gæta. Sú regla breytir hins vegar engu um þá skyldu sem hvílir á eiganda sem hyggst breyta hagnýtingu séreignar sinnar, til að leita samþykkis annarra eigenda fyrir því, sbr. 1. mgr. og 3. mgr. lagagreinarinnar. Í því felst að óheimilt er að ráðast í breytingu á hagnýtingu séreignar án þess að aðrir eigendur fjöleignarhússins, sem af því hafa lögmæta hagsmuni, hafi um það að segja. Er fallist á það með stefnanda að ákvörðun um slíkt skuli bera upp til samþykktar á sameiginlegum fundi eigenda hússins, sbr. ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 39. gr. laga nr. 26/1994.

Af gögnum málsins og skýrslum vitna fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins verður ráðið að sú starfsemi sem stefndu reka í íbúðum sínum hefur truflað aðra íbúa fjöleignarhússins á margan hátt, þótt í mismiklum mæli sé.

Borghildur Anna Jónsdóttir, eigandi íbúðar á 2. hæð að Vatnsstíg 19, gaf skýrslu fyrir dóminum, en ein íbúðanna þriggja í eigu stefndu er staðsett á næstu hæð fyrir ofan íbúð vitnisins og önnur í næsta stigagangi, að Vatnsstíg 21. Vitnið lýsti því fyrir dóminum að hún teldi íbúð sína því sem næst óíbúðarhæfa vegna starfsemi stefndu í íbúðunum. Einkum væri ónæði af útleigu íbúðarinnar á 3. hæð að Vatnsstíg 19. Sú íbúð sé auglýst fyrir 10 manna hópa og fylgi gestakomum mikill umgangur, jafnt að nóttu sem degi. Mikið sé um að haldin séu samkvæmi í íbúðinni, enda sé hún auglýst sem „partííbúð“, en í lýsingu á heimasíðu félags stefndu komi fram að hún sé tilvalin fyrir „dinner parties“. Haldin hafi verið „agressív partí“ í íbúðinni og algengt sé að stórir hópar karlmanna taki hana á leigu til skemmtanahalds. Mikill hávaði berist frá íbúðinni þegar samkvæmi eru haldin þar. Þá sé fólk á hlaupum upp og niður stiganginn á meðan á þeim stendur, í eitt skipti hefði brunaboði verið settur í

gang að næturlagi í tengslum við samkvæmishald og í annað skipti hefði virst sem átök ættu sér stað í íbúðinni. Þá hafi íbúar verið ónáðaðir í íbúðum sínum og dæmi séu um að illa áttaðir gestir hafi reynt að komast inn í íbúðir þeirra að nóttu sem degi. Vitnið kvað sér finnast hún vera í hættu í íbúð sinni og ekki fá nægan svefn um nætur. Hún forðist að dvelja heima á sumrin, þegar mest álag er af starfseminni, og hafi kosið að dvelja annars staðar um áramót. Hún kvaðst einnig hafa orðið fyrir ónæði vegna samkvæmishalds í íbúðinni í næsta stigagangi, en það væri ekkert í líkingu við það sem eigi sér stað í íbúðinni á næstu hæð fyrir ofan hennar. Þá lýsti hún því að umgengni væri mjög ábótavant í tengslum við starfsemina, en bjórdósum og sígarettustubbum væri iðulega fleygt fram af svölum. Hún kvað engan mun vera á ástandinu á virkum dögum eða um helgar. Vitnið kvaðst hafa rætt við stefnda Guðlaug vegna málsins, en það hefði ekki leitt til úrbóta. Hún kvaðst telja sér ókleift að búa áfram í íbúð sinni ef þetta ástand héldi áfram. Þá kvaðst hún telja íbúðina vera orðna verðlausa, enda myndi enginn fást til að kaupa hana við þessar aðstæður.

Alfreð Hauksson, eigandi íbúðar á 1. hæð að Vatnsstíg 19, kvaðst verða fyrir ónæði frá íbúðunum sem eru til útleigu í því húsi og næsta stigagangi, að Vatnsstíg 21, en veggir íbúðar hans og þeirrar íbúðar liggi saman. Meira ónæði væri þó frá íbúðinni á 3. hæð að Vatnsstíg 19 vegna samkvæmishalds, jafnt á virkum dögum sem um helgar. Um helgar sé talsvert um að gestir í íbúðinni bjóði fólki með sér heim og standi samkvæmi þá oft fram undir morgun. Hljóð berist úr íbúðinni og af svölum hennar niður í íbúð hans, auk þess sem mikill umgangur sé um stigagang. Íbúðin sé leigð út til stórra hópa fólks og kvaðst vitnið verða fyrir mikilli truflun vegna þessa.

Jakob Einar Jakobsson, eigandi íbúðar á 2. hæð að Vatnsstíg 15, andspænis einni af íbúðunum þremur, lýsti því einnig að hann og fjölskylda hans hefðu orðið fyrir umtalsverðu ónæði af starfsemi stefndu. Þar hafi stórir hópar fólks dvalið og haldið samkvæmi, á stundum mjög hávaðasöm, eða nánast eins og „rave“. Þá fylgdi starfseminni ýmiss konar ónæði, sem vitnið lýsti nánar, og umgengni væri ábótavant. Vitnið kvaðst ekki myndu hafa keypt íbúðina ef hann hefði þekkt aðstæður að þessu leyti. Hann kvaðst tvívegis hafa haft samband við stefnda Guðlaug vegna málsins.

Auk framangreindra vitna gaf skýrslu *Sveinn Þ. Jónsson*, eigandi íbúðar á 1. hæð að Vatnsstíg 21, andspænis íbúð stefndu. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið fyrir ónæði vegna umgangs gesta í íbúðinni umfram annarra íbúa hússins.

Af skýrslum vitna fyrir dóminum og gögnum málsins að öðru leyti verður ráðið að starfsemin sem stefndu reka í íbúðum sínum í fjöleignarhúsinu hefur haft í för með sér aukinn umgang fólks að nóttu sem degi, þar sem gestir koma og fara. Þá hafa vitni borið um mikið ónæði sem af starfseminni stafar, einkum vegna skemmtanahalds í íbúðunum sem um ræðir. Að mati dómsins er ótvírætt að með þeirri starfsemi sem stefndu reka í séreignarhlutum sínum hefur orðið breyting á eðli sambýlis í húsinu, þar sem varanleg búseta hefur vikið fyrir skammtíma gististarfsemi. Er fallist á það með stefnanda að þessi tilhögun sé til þess fallin að valda íbúum óöryggi. Eðli málsins samkvæmt gætir áhrifanna mest í þeim íbúðum sem liggja næst íbúðunum þar sem starfsemin fer fram. Þó kom fram í skýrslu formanns stefnanda, Geirs Arnars Gunnlaugssonar, fyrir dóminum, að borist hefðu kvartanir til húsfélagsins frá fleiri íbúum hússins, en þeim sem gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins. Fær sá framburður stoð í fundargerðum húsfunda stefnanda sem liggja fyrir í málinu, þar sem fram kemur að íbúar hafi lýst áhyggjum vegna starfsemi stefndu í húsinu. Á húsfundi 13. ágúst 2015, þar sem mættir voru 47

íbúðareigendur eða samtals 59% eigenda 61% eignarhluta, var samþykkt með atkvæðum 41 fundarmanns tillaga stjórnar um að höfða dómsmál til viðurkenningar á skyldu stefndu til að afla samþykkis annarra eigenda til reksturs gististaða í íbúðum sínum.

Samkvæmt framangreindu, og með vísan til vitnisburðar Borghildar Önnu Jónsdóttur, Alfreðs Haukssonar og Jakobs Einars Jakobssonar við aðalmeðferð málsins, þykir sýnt að skertir hafi verið hagsmunir íbúa fjöleignarhússins til að fá notið eigna sinna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var gert ráð fyrir og þau máttu reikna með. Þykir breyting á hagnýtingu séreignarhluta stefndu í húsinu hafa haft svo verulegt ónæði, óþægindi og röskun í för með sér fyrir aðra eigendur eða afnotahafa hússins að hún skuli háð samþykki allra eigenda þess, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 41. gr. laga nr. 26/1994. Er því fallist á aðaldómkröfu stefnanda um viðurkenningu á skyldu stefndu til að afla samþykkis félagsmanna hans við þeirri breytingu.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verða stefndu dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, sem samkvæmt málskostnaðaryfirliti nemur 2.125.091 krónu.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur, skráðum eiganda íbúðar 202 að Vatnsstíg 15, Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda, Húsfélaginu 101 Skuggahverfi I.

Viðurkennt er að stefnda Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eiganda íbúðar 101 að Vatnsstíg 21, Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda.

Viðurkennt er að stefndu Sigrúnu Gróu og Guðlaugi Rúnari, skráðum eigendum íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki I í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 2.125.091 krónu í málskostnað.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR
2010-2030

Heimildir um veitinga- og gististaði

Uppfærsla vegna gildistöku breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Breytingar og lagfæringar á gildandi stefnuákvæðum í töflum 2 og 3 í kaflanum Landnotkun, bls. 221-222.

Breytingar á skilgreiningum einstakra landnotkunarsvæða og stefnu um aðalgötur og kjarna

Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi
Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 15
Nóvember 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur 3
2. Gildandi stefna og skipulagsákvæði 4
2.1. Almennt 4
2.2. Sérstök ákvæði um vínveitingahús 5
2.3. Sérstök ákvæði um hótel og gistirými 7
2.4. Heimildir við aðalgötur og í skilgreindum kjörnum innan íbúðarbyggðar 9
2.5. Sérákvæði á svæði M1C. Blönduð miðborgarbyggð. Íbúðarbyggð 10
3. Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði 11
4. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu 11
5. Skipulagsákvæði til endurskoðunar 12
6. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags 13
7. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 13
8. Samráð og kynningar 14
8. Umsagnaraðilar 15
9. Viðaukar 16

1. Inngangur

Vorið 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (nr. 85/2007). Lagabreytingarnar öðlast gildi 1. janúar 2017. Megin áhrif hinna nýju lagaákvæða verða á gististaði í flokki I, heimagistingu (sjá nánar í kafla 3). Breytingarnar leiða til þess að nauðsynlegt er uppfæra stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, varðandi gististaði og veitingastaði, til samræmis við hin nýju lagaákvæði. Vegna breyttra lagaákvæða og mögulegra áhrifa þeirra er einnig mikilvægt að endurmeta með heildrænni hætti einstök stefnuákvæði um veitinga- og gististaði og heimildir um staðsetningu þessarar starfsemi. Í gildandi aðalskipulagi eru sett fram mjög ítarleg ákvæði um staðsetningu veitinga- og gististaða eftir landnotkunarsvæðum (sjá kafla 2). Það lá fyrir við staðfestingu aðalskipulagsins í febrúar 2014, að vegna hinna mörgu nýju og ítarlegu ákvæða um gisti- og veitingastaði, að mikilvægt væri að staldra við þegar ákveðin reynsla væri komin á beitingu einstakra ákvæða. Ýmsir ágallar hafa komið í ljós við framfylgd stefnunnar og tímabært að lagfæra og betrumbæta þá agnúa.

Verkefnislýsing þessi fjallar því annarsvegar um nauðsynlega uppfærslu á viðkomandi ákvæðum aðalskipulagsins, sem er beinlínis vegna lagabreytingarinnar og hinsvegar almennar breytingar og betrumbætur á stefnuákvæðum í ljósi reynslunnar af framfylgd stefnunnar og vegna mögulegra áhrifa hinna nýju lagaákvæða. Fyrirhugaðar breytingartillögur varða einkum ákvæði um staðsetningu gististaða en einnig verður hugað almennt að ákvæðum um vínveitingastaði (sjá um viðfangsefni breytingartillagna í kafla 5).

Ljóst er að þróun í ferðaþjónustu hefur orðið með allt öðrum hætti en fyrirséð var við mótun stefnu gildandi aðalskipulagsins. Vegna aukinnar uppbyggingar gististaða í miðborginni hefur nú þegar verið ráðist í sérstakar skipulagsbreytingar er varða stefnuákvæði á miðborgarsvæðinu. Settir hafa verið skilmálar um hlutfall gististaða í deiliskipulagi Kvosarinnar og kynnt hafa verið drög að breytingu á aðalskipulagi sem kveða almennt á um hámarkshlutfall gistiþjónustu í miðborgarkjarnanum (M1a) (sjá drög að tillögu á adalskipulag.is). Stefna um gististaði í sjálfum miðborgarkjarnanum (M1a) er því ekki viðfangsefni þessarar aðalskipulagsbreytingar, heldur hin almennu ákvæði um gististaði eftir landnotkunarsvæðum, þ.m.t. aðalgötur og kjarnar innan íbúðarbyggðar. Vegna sérstöðu miðborgarinnar verður sjónum sérstaklega beint að svæðum sem liggja að miðborgarkjarnanum, svæði M1c og aðliggjandi íbúðarbyggð.

Fyrirhuguð breyting sem hér er lýst, snýr fyrst og fremst að því að sníða helstu ágalla af núverandi stefnu og gera lágmarksbreytingar til að bregðast við áhrifum nýrra laga. Vegna hinnar öru þróun í ferðaþjónustu, þess vaxtar sem vænta má á næstu árum og óvissu um áframhaldandi þróun til lengri tíma, má reikna með því að gera þurfi frekari breytingar á stefnu aðalskipulagsins vegna ákvæða um gististaða. Oft er rennt nokkuð blint í sjóinn með áhrif einstakra lagabreytinga eða breytinga skipulagsákvæða og því er nauðsynlegt að endurmeta stefnuna reglulega í ljósi reynslunnar.

2. Gildandi stefna og skipulagsákvæði

2.1. Almennt

Í Aðalskipulaginu 2010-2030 eru sett fram ítarleg sérákvæði um veitingastaði og gististaði innan landnotkunarsvæða (sjá töflur 2, 3 og texta í kaflanum Landnotkun, bls. 220-222 og þéttbýlisuppdrátt, adalskipulag.is). Tilgangurinn með svo ítarlegum ákvæðum er að tryggja borgaryfirvöldum betra stjórntæki og almennt að setja skýrari reglur og viðmið og stuðla að markvissari staðsetningu þessarar starfsemi, þannig að markmiðum aðalskipulagsins verði náð.

Ákvæði um veitingastaði miða almennt að því að tryggja að við staðsetningu vínveitingastaða og ákvörðun um opnunartími þeirra sé tekið tekið tillit nálægðar við íbúðarbyggð. Jafnframt er markmiðið með skýrari ákvæðum að tryggja aukinn sveigjanleiki þannig að matsölustaðir með vínveitingaleyfi geti þrifist á völdum svæðum innan íbúðarbyggðar, sbr. markmið um fjölbreytni og mannlíf innan hverfanna.

Sérákvæði um gististaði miða einkum að því að stemma stigu við fjölgun gististaða innan íbúðarbyggðar, til að umbreyting íbúðarhúsnæðis í gististað veiki ekki íbúasamfélagið í viðkomandi hverfi um of og að áhrif á íbúðarhúsnæðismarkað verði sem minnst. Á miðsvæðinu M1c, innan miðborgarinnar eru einnig sérstök ákvæði sem ætlað er að vernda íbúasamfélagið sem er í jaðri miðborgarkjarnans (M1a).

Stefna um hótel- og gististaða í AR2010-2030 er annars almennt frekar opin og heimildir nokkuð víðar á flestum landnotkunarsvæðum. Undantekningarnar eru iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði (H2 og H3 þó undanskilin), þar sem ekki er heimilt að reka hótel eða gistiheimili, auk svæðis M1c í miðborginni og svæða sem skilgreind eru sem íbúðarbyggð.

Innan íbúðarbyggðar eru skilgreindar svokallaðar aðalgötur og kjarnar, en makmiðið með þeim er að beina nýjum gististöðum (flokkur II og III) á valin svæði innan íbúðarbyggðar, þar sem starfsemin skapar minnst ónæði og stemma þannig stigu við fjölgun stærri gististaða innan rótgróinna íbúðarhverfa og við friðsælar húsagötur. Heimagisting (flokkur I) er almennt heimil innan íbúðarbyggðar. Ekki voru taldar lagalegar forsendur til að stýra þessari gerð gistiþjónustu í aðalskipulaginu, enda er eingöngu heimilt að reka þessa starfsemi í íbúðarhúsnæði og rekstraraðili þarf að búa og vera með lögheimili á staðnum, þó misbrestur hafi verið á því í reynd.

Í köflum 2.2-2.5, hér að neðan, eru sett fram í gildandi ákvæði aðalskipulagsins um gististaði og veitingastaði, auk skilgreiningar aðalgatna og kjarna og svæðis M1c í miðborginni:

2.2. Sérstök ákvæði um vínveitingahús

„Í aðalskipulaginu eru sett fram markmið og ákvæði um veitingahús eftir landnotkunarsvæðum. Í töflu 2 er gerð grein fyrir heimildum um veitingahús eftir landnotkunarsvæðum. Almennt er ekki gert ráð fyrir því að vínveitingahús séu heimil innan íbúðarbyggðar, nema að uppfylltum skilyrðum á völdum svæðum og þá fyrir veitingahús í flokki II (sjá heimildir um *nærþjónustukjarna* og aðalgötur, sjá kafla 2.4). Enn fremur má heimila veitingastaði í flokki II á dvalarheimili aldraða, þó það sé á svæði sem skilgreint er sem íbúðarbyggð. Vínveitingahús er almennt heimil á miðvæðum, en settar eru ákveðnar takmarkanir á opnunartíma í skilgreiningu einstakra svæða. Vínveitingahús í flokki II geta einnig verið heimil á verslunar- og þjónustusvæðum, stofnanasvæðum, athafnasvæðum, opnum svæðum, íþróttasvæðum og landbúnaðarsvæðum, enda sé gerð grein fyrir þeim í deiliskipulagi.“ (bls. 220)

Sjá einnig sérákvæði um vínveitingahús og opnunartíma þeirra í miðborginni (bls. 220-221 í kaflanum Landnotkun, sjá adalskipulag.is), en ekki er ætlunin að taka þau ákvæði sérstaklega til endurskoðunar í væntanlegri breytingartillögu.

Eftirfarandi fyrirvari gildir um þau ákvæði sem sett eru fram í töflu 2[1]: „Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Mögulegt er að endurnýja leyfi um starfsemi sem var til staðar fyrir staðfestingu aðalskipulagsins[26. febrúar 2014], enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnæði og áður. Þetta á þó ekki við á svæðum þar sem tekið er skýrt fram í almennri skilgreiningu landnotkunar að viðkomandi starfsemi skuli vera víkjandi.“

[1] Óveruleg breyting á aðalskipulaginu, staðfest haustið 2014, til að skerpa á því að ákvæðin væru almennt ekki afturvirk.

Tafla 2. Veitingastaðir. Frekari ákvæði um vínveitingastaði eru sett í málsmeðferðarreglum borgarráðs, svo sem um útiveitingar og áfengisveitingar á gististöðum.

	Veitingastaðir			Sérstök ákvæði / skilyrði
	Flokkur I*	Flokkur II**	Flokkur III***	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Nærþjónustukjarnar	Já	Já	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Aðalgötur	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Blönduð byggð (BB)	Já	Já	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já/Nei	Flokkur III háður mati í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (VÞ)	Já	Já	Nei	
Hverfiskjarnar	Já	Já	Nei	
Miðborg og miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Flokkur III háður skilyrðum eftir svæðum
Miðborgin - rúmar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/frídaga
Miðborgin - almennar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já	
Miðborgin - takmarkaðar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já/Nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/frídaga og kl. 23.00 virka daga
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/frídaga á svæðum M3c,d,e
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já	Já	
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Já	Já	Nei	
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	
Þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Já	Já	Já	
Fossaleynir (M10)	Já	Já	Já	
Hádegismóar (M17)	Já	Já	Já	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	
Dugguvogur (M19)	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/frídaga og kl. 23.00 virka daga
Athafnasvæði (AT)	Já	Já	Já	
Iðnaðarsvæði	Já	Já	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Já	Já	Nei	
Örfirisey - blandað athafnasvæði (H2)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/frídaga
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/frídaga og kl. 23.00 virka daga
Íþróttasvæði (Íþ)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	
Opin svæði (OP)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Nei	Nei	Nei	
Óbyggð svæði (ÓB)	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	
Frístundabyggð (F)	Nei	Nei	Nei	

* Veitingastaður án áfengisveitinga. Opnunartími ótakmarkaður nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarsvæði.

** Veitingastaður með áfengisveitingum, einkum með matsölu, og án háværrar tónlistar. Opnunartími skal ávallt takmarkast við kl. 23. Sala áfengis hefjist ekki fyrr en kl. 11.

*** Áfengisveitingastaður þar sem leika má háværa tónlist. Opnunartími og sala áfengis miðist almennt við kl. 11.00-1.00 á virkum dögum og kl. 11.00-3.00 aðfararnótt laugardags og sunnudags og almennra frídaga, nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarsvæði.

2.3. Sérstök ákvæði um hótel og gistirými

„Hótel og gistiheimili eru ekki heimil á athafnasvæðum, iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum. Á hafnarsvæði H3, miðborgarhöfn er þó heimilt að reka hótel og gistiheimili og takmörkuð gistiþjónusta er möguleg á svæði H2.


Hótel og gistiheimili geta verið heimil innan flestra landnotkunarsvæða innan þéttbýlis, en á sumum takmarkast gistiþjónusta við flokka I, II eða III. Ennfremur er gert ráð fyrir að gistiþjónusta sé almennt heimil á opnum svæðum og landbúnaðarsvæðum, enda sé gerð grein fyrir starfseminni í deiliskipulagi Hótel og gistiheimili eru almennt heimil í miðborginni og miðsvæðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram, sjá nánar töflu 3.“ (bls. 222)

Eftirfarandi fyrirvari gildir um þau ákvæði sem sett eru fram í töflu 2[2]: „Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Mögulegt er að endurnýja leyfi um starfsemi sem var til staðar fyrir staðfestingu aðalskipulagsins[26. febrúar 2014], enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnæði og áður. Þetta á þó ekki við á svæðum þar sem tekið er skýrt fram í almennri skilgreiningu landnotkunar að viðkomandi starfsemi skuli vera víkjandi.“

[2] Óveruleg breyting á aðalskipulaginu, staðfest haustið 2014, til að skerpa á því að ákvæðin væru almennt ekki afturvirk.

Tafla 3. Gististaðir. Frekari ákvæði um gististaði eru sett í málsmeðferðarregluum borgarráðs, m.a. um áfengisveitingar á gististöðum.


	Gististaður					Sérstök ákvæði/skilyrði
	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	Flokkur V	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	
Nærþjónustukjarnar	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Aðalgötur	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Blönduð byggð (BB)	Já	Já	Já	Já	Já	
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótelum í flokki IV og V í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (VÞ)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Hverfiskjarnar	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Miðborg og miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - kjarni (M1a)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - blönduð miðborgarbyggð - skrifstofur (M1b)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - blönduð miðborgarbyggð - íbúðarbyggð (M1c)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Já	Já	
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir hótelum/ gistiheimilum í deiliskipulagi
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	Já	Já	
Þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Fossaleynir (M10)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Hádegismóar (M17)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	Já	Já	
Duggvogur (M19)	Já	Já	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Athafnasvæði (AT)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Iðnaðarsvæði	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði miðborgarsvæðis (H3)	Nei	Já	Já	Já	Já	
Örfirisey - blandað athafnasvæði (H2)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Nei	Já	Já	Já	Já	
Íþróttasvæði (ÍÞ)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Opin svæði (OP)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótelum/ gistiheimilum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Óbyggð svæði (ÓB)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótelum/ gistiheimilum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
